

Prentarar
Skannar
Myndavélar
Faxtæki

Canon

Ljósritunarvélar
Laserprentarar
Reiknivélar
Ljósmyndapappír

ÓRÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 27. febrúar 2002 • 9. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



Það eru svo mörg tækifæri í lífinu

– segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar í opnuviðtali

Hámarkshraði um Hnífsdal verður óbreyttur

Samræma þarf hámarks- hraða á Eyrarhlíð og Óshlíð

Fyrir þessum mánuði fjallaði umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar um erindi Jónasar Guðmundssonar, sýslumanns í Bolungarvík og forsvarsmanns Vegar, varðandi ökuhraða á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Hafði Jónas ósk að eftir því við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún beitti

sér fyrir því að leiðin á milli Hnífsdals og Ísafjarðar yrði þannig úr garði gerð að óhætt væri að aka hana á þeim hraða sem almennt væri og taldi það óþarfa hindrun að ekki væri heimilað að aka um Hnífsdal nema á 35 km/klst hraða á tæplega kílómetra löngum kafla.

Þá vakti Jónas einnig athygli á því að á veginum um Óshlíð væri 80 km/klst hámarkshraði en 70 km/klst á Hnífsdalsvegi og þótti það ástæðulaust misræmi. Taldi umhverfisnefnd ekki tímabært að hækka leyfilegan hámarkshraða í Krók og gegnum Hnífsdal við óbreyttar aðstæð-



Leiðin í gegnum Hnífsdal.

ur. Hins vegar þótti rétt að samræma leyfilegan hámarkshraða um Eyrarhlíð og á Óshlíð í 80 km/klst.

SAMKAUP!

OPID:

Virka daga

kl. 09 - 21

Laugardaga

kl. 10 - 21

Sunnudaga

kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP!

AUSTURVEGI 2

SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi



www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500



Dyrakarmurinn að umboði Vífilfells var illa leikinn eftir þann eða þá sem þar voru á ferð.

Ísafjörður

Brotist inn í Vestrahúsið

Aðfaranótt föstudags var brotist inn í fimm fyrirtæki og stofnanir í Vestrahúsinu á Ísafirði.

Ljóst er að sá eða þeir sem barna voru á ferð, brutust inn í fyrirtækið Vír ehf. og þaðan inn í fyrirtækin Ellingsen-Sandfell og Ísfang. Þá var brotist inn hjá Rauða krossinum og inn á skrifstofu útgerðarfélagssins Ísafirðings.

Einnig var reynt að brjótast inn í aðstöðu Vífilfells hf. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði var litlu stolið en þeim mun meiri skemmdir unnar. Málið er enn í rannsókn.

Karfan

KFÍ sigraði Seflyssinga

KFÍ sigraði Selfoss með 85 stigum gegn 82 í leik liðanna sem fram fór í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardag. Leikurinn var æsispennandi fram á síðustu stundu.

Mestu forskoti náðu Seflyssingar í öðrum leikhluta, eða 17 stiga forskoti. Með sigrinum hefur KFÍ tryggt sér sæti í úrslitakeppni 1. deildar. Næsti leikur KFÍ fer fram föstudaginn 8. mars í íþróttahúsinu á Torfnesi, en þá tekur liðið á móti Grindvíkingum.

„Var orðinn úrkula vonar um að okkur yrði bjargað“

Ísafirðingurinn sem bjargaðist þegar Bjarmi VE fór undan Þrídröngum á laugardag heitir Hilmar Þór Jónsson. Hann var útskrifaður af heilsugæslustöð Vestmannaeyja í morgun og dvelst nú í Keflavík þar sem hann hyggst hvíla sig og safna kröftum eftir mannaunir laugadagsins.

Að sögn Hilmars, sem er á 25. aldursári, var hann staddur í matsal Bjarma að horfa á myndband þegar hann fann fyrir því að báturinn var að fara á hliðina. „Ég stökk strax upp og hljóp af stað til þess að kanna hvað væri á seyði. Þegar ég kom upp í brú var

verið að sjósetja björgunarbátinn og um leið og hann varð tilbúinn stukkum við í hann,“ segir Hilmar. Hann segir að þeir hafi komnir í björgunarbátinn baslað lengi við að koma honum frá skipinu án árangurs. Því hafi mastur skipsins dottið á björgunarbátinn og sprengt hann þegar Bjarmi fór alveg á hliðina.

„Þegar björgunarbáturinn sprakk varð mér mjög brugðið en ég reyndi þó að halda stillingu minni til þess að geta komið mér upp á það sem var eftir af honum. Þar sat ég ásamt öðrum áhafnarmedlimum þar til nokkru síðar þegar

bátinum hvolfdi, þá var ekkert annað eftir en að hanga bara í gúmmítægjunum sem eftir voru og bíða björgunar. Mér er sagt að við höfum verið í sjónum í allt að tvær og hálfu stund, en ég veit minnst um það sjálfur. Allt tímaskyn fer fyrir ofan garð og neðan við svona aðstæður. Ég hélt mér bara í tægjurnar og hugsaði minn gang, velti fyrir mér lífinu og tilverunni og var orðinn úrkula vonar um að okkur yrði bjargað. Svo kom þyrflan og það er óhætt að segja að við höfum verið kátir þá,“ sagði Hilmar.

Þrátt fyrir að vel hafi gengið

að koma áhafnarmedlimunum þremur sem fundust, um borð í þyrfluna, lést einn þeirra áður en hann komst til aðhlyningar. Hilmar og annar skipverji voru lagðir inn á heilsugæslustöðina í Vestmannaeyjum þar sem gert var að sárum þeirra. Hilmar segir ekkert hafa amað að honum líkamlega annað en kuldi, en eftir mikla vinnu starfslíðs heilsugæslunnar hafi tekist að koma í hann hita. Hann vill koma á framfæri þökkum til starfsfólks heilsugæslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum og áhafnarþyrflunnar sem bjargaði þeim.

Hilmar segir að sér líði

þokkalega miðað við aðstæður, en hann sé enn að átta sig á atburðum laugardagsins og vinna úr þeim. „Nú finnst mér mikilvægast að hitta fjölskyldu mína og ástvini. Þetta hefur verið erfið helgi en með þetta að baki ætla ég að reyna að hvíla mig ærlega og treysta sambandið við mína nánustu,“ segir Hilmar. Hann ætlar að dvelja í Keflavík fyrst um sinn en býst við því að koma til Ísafjarðar þegar liður að helginni þar sem hann mun slappa af í faðmi fjölskyldunnar og taka sér gott frí.

Vilja setja upp sýningu á myndum frá heimsókn Grænlandinga til Ísafjarðar 1925

Markmiðið með sýningunni er að efla samskipti vinabæjanna

Hugmyndir eru uppi um að setja upp sýningu næsta sumar á myndum Martinusar Simson frá heimsókn Grænlandinga til Ísafjarðar árið 1925.

Verður sýningin væntanlega sett upp á Ísafirði, í Norræna húsinu, Nanortalik, vina-bæ Ísafjarðar og Itoqqortoormiit við Scoresbysund. Segir Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar, að markmiðið með þessu framtaki sé að efla samskipti vinabæjanna á sviði menningar og lista. Einnig að kynna grænlandska arfleifð og sögu þessa fólks sem flutt var bæði

nauðugt og viljugt norður til Scoresbysunds og síðast en ekki síst að sýna verkum danska ljósmyndarans Martinusar Simson tilhlýðilega virðingu.

Það var í ágúst 1925 sem heimskaufarið Gustav Holm lagðist að bryggju með stóran hóp Grænlandinga sem átti að flytja norður til Scoresbysunds. Ástæðan fyrir þessum flutningum var sú að Norðmenn höfðu augastað á þessu landssvæði og kviknað höfðu hugmyndir um að lýsa þar yfir norsku yfirráðarsvæði. Danir ákváðu því að flytja hóp

Grænlandinga þangað norður til að tryggja dönsk yfirráð á svæðinu. Hópurinn kom frá Ammassalik til Ísafjarðar þar sem sóttar voru vetrarvistir áður en haldið var norður á bóginn.

Danski ljósmyndarinn Martinus Simson tók mikið af stórmerkum myndum frá heimsókn Grænlandinga sem varði í þrjá og hálfan sólarhring. Allar filmurnar eru varðveittar á Skjalasafni Ísafjarðar og segir Rúnar Óli mikinn vilja fyrir því að vinna úr þeim myndasýningu sem farið yrði með til Grænlands

auk sýninga hér á landi. Er ætlunin að senda einn fulltrúa til Itoqqortoormiit og setja þar upp sýningu á myndunum en í bænum búa um 500 manns við töluverða einangrun þar sem um 800 kílómetrar eru til næsta byggða bóls. Að lokinni sýningu þar, yrðu myndirnar settar upp í Nanortalik, vina-bæ Ísafjarðar og sýndar þar í ákveðin tíma.

Að sögn Rúnars Óla er ekki enn búið að koma á samstarfi við yfirvöld í Itoqqortoormiit en haft hefur verið samband við fulltrúa ferðamála-skrifstofunnar í Nanortalik og hann

komið skilaboðum áfram til bæjaryfirvalda sem lýst vel á hugmyndina og eru tilbúnir í samstarf. Fyrir nokkrum árum voru sendar snertikópiur af umræddum filmum til Itoqqortoormiit og voru aðilar þar viljugir til samstarfs. Hins vegar kom peninga- og tíma-skortur í veg fyrir að eitthvað meira yrði gert í það sinn. Segir Rúnar Óli að heildarkostnaður við sýninguna núna sé áætlaður um kr. 320.000 og hefur verið sótt um styrk úr Grænlandssjóði sem heyrir undir forsætisráðuneytið til að fjármagna verkefnið.

Af misjöfnu þrífast...

„Á misjöfnu þrífast börnin best“ er gamalt málæki sem lýsir því viðhorfi að brýnt sé að þola mótlæti til að ná eðlilegum þroska. Við almenna notkun var það gjarnan tengt viðurgeringum ekki síst á þeim tímum þegar talsvert skorti á að allir hefðu nóg að bíta og brenna. En nú hefur þetta rótgróna íslenska málæki tekið breytingum og fengið nýja merkingu: Af misjöfnu þrífast mennirnir best.

„Við verðum að hafa pínulítið svigrúm fyrir léttu spillingu (enda) af misjöfnu þrífast mennirnir best“, sagði DV-maðurinn, Reynir Traustason, sem um nokkurt skeið hefur upplýst lesendum blaðsins um, að því er virðist, nokkuð frjálsliga umgengni nokkurra manna í opinberri þjónustu með almanna-fé, í morgunþætti Stöðvar 2 í síðustu viku.

Uppljóstranir DV hljóta að vera áfall fyrir þjóð, sem fyrir stuttu taldi sjálfri sér trú um að spilling í opinberri umsýslan væri hér lítil og að Íslendingar væru miklu heildarlegri en flestar aðrar þjóðir í þessum efnunum. (Enda erum við alltaf bestir og fremstir, þá að er spurt.) Þjóðin hefur nú vaknað upp við vandan draum. Uppá-koman hjá Landssímanum, Þjóðmenningarhúsinu og Þjóðskjalasafninu hefur gjörsamlega gengið fram af fólki. Almanningur er hneykslaður og reiður.

Þótt ekki þurfi nema einn gikk í hverja veiðistöð, kemur engum til hugar að dæma alla vermenn út frá því sem DV hefur dregið fram í dagsljósið. Sem betur fer eigum við fjöldan allan af mætu fólki í opinberum störfum, sem sinnir starfi sínu af trúmennsku og kostgæfni. Eflaust er hægt að færa rök fyrir því að heimilarmaður DV hjá Landssímanum hafi brotið af sér. Sitji hann aftur á móti einn uppi með ábyrgð í símamálinu hljóta að vakna spurningar um hvert stefnir í þessu þjóðfélagi.

Biðjum ekki um að kaleikurinn verði frá okkur tekinn. Biðjum heldur ekki um lögregluríki þar sem óttinn við yfirvaldið yfirskuggar allt líf okkar. Auðvitað mun fólk halda áfram að misstíga sig einhvern tíma á lífsleiðinni, á dyggðanna hálu braut. Þetta er nú einu sinni hluti af eðli mannsins. En til þeirra, sem taka að sér opinber störf í þjóðar þágu hljótum við að gera ákveðnar og strangar kröfur í öllu er lýtur að vörslu opinberra eigna. Undan því verður ekki vikist.

Það er aftur á móti grafalvarlegt ef það skyldi vera framtíðarsýn íslensku þjóðarinnar að „á misjöfnu þrífast mennirnir best“ (meðan ekki kemst upp um þá) og þarf þá enginn að efast um breytta merkingu hins gamla málækis, sem lifað hefur með þjóðinni um aldir.

Frá útgefendum:

Umboðs-aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Söfnusdóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.



Hilmar Þór Jónsson við Njarðvíkurhöfn á mánudag dag. Ljósmynd: Víkurfréttir: Hilmar Bragi Bárðarson.

Græddur er geymdur eyrir

Magnús Helgi Alfreðsson, húsasmíðameistari á Ísafirði, sem er að gera upp 14,5 tonna trébát, Sædísí ÍS-67, sem smíðaður var á Ísafirði árið 1938, fann gamla mynt sem skipasmiðir fyrri ára notuðu til að boða gæfu, er hann fjarlægði mastrið af bátinum á dögnum. Myntin var mjög illa farin eftir að hafa legið undir mastriinu í 54 ár og var erfitt að ákvarða aldur hennar. Magnús taldi myntina vera krónu og væri að öllum líkindum frá árinu 1922 eða 1928, eftir að



Peningurinn og mastrið.

hafa skoðað hana í stækkunargleri. Magnús sagði það nokkuð algengt að handverksmenn fyrr á tímum hafi skilið eftir

skilaboð til komandi kynslóða, falin inn í veggjum húsa eða í botni húsgagna.

Útsölumarkaður í Ljóninu!

hefst föstudaginn
1. mars kl. 13:00

Ath!

Nýr opnunartími
á laugardögum.

Opið frá kl. 10-16

Verið velkomin!



Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464



Ljóninu, Skeiði, sími 456 4070



Veitingahúsið Krúsin kynnir skemmtikvöldið

Those Were the Days

Með lifandi tónlist frá 1960 til 1970

Hljómsveitin og söngvarar eru

Jón H Engilbertsson gítar, Samúel Einarsson hljómborð,
Karl Jónsson trommur, Óli Pétur Jakobsson bassi,
Jónatan Einarsson píanó - söngur, Þórunn Snorradóttir söngur
Guðmundur Ó Reynisson söngur

Skemmtikvöldin eru eftirfarandi kvöld í mars:

Laugardagskvöldið 9. mars og laugardagskvöldið 16. mars

Aðeins verður boðið upp á þessi tvö kvöld

Nú verður aðaláhersla lögð á lifandi tónlist og að sjálfsögðu góðri kvöldstund þar sem þið upplifið anda og tónlist 7. áratugarins.

BOÐIÐ VERÐUR UPP Á GÓÐAN OG VANDAÐAN PRIGGJA RÉTTA KVÖLDVERÐ
UNDIR STJÓRN ÞORSTEINS ÞRÁINSSONAR MATREIÐSLUMEISTARA

Miðaverð 3.800.-

MÍÐA OG BORDAPANTANIR Í SÍMA 456-3985 (PIZZA 67)



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
 Símar: 456 3940 & 456 3244
 Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is

Einbýlishús / raðhús

Hlíðarvegur 14: 170,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt risi. Húsið er mikið endurnýjað, ekkert áhvílandi. **Tilboð óskast**
Hlíðarvegur 26: 259 m² einbýlishús á tveimur hæðum, á neðri hæð er 70 m² íbúð sem hægt er að leigja út. **Skípti á minni eign möguleg.** **Tilboð óskast.**
Hlíðarvegur 46: 186 m² endaraðhús á þremur hæðum. Fallegt útsýni. Séríbúð á neðstu hæð. Skípti á minni eign möguleg. **Verð 8,9 m.kr.**
Hrannargata 1: 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði. **Tilboð óskast**
Hrannargata 8a: 78,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Húsið er uppgert að hluta. **Verð 4,6 m.kr.**
Lyngholt 10: 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**
Mánagata 9: 191,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, kjallara og garði. Húsið er allt að mestu endurnýjað. **Tilboð óskast**
Seljalandsvegur 72: 112 m² einbýlishús á tveimur hæðum, góður sólpallur. **Verð 8,2 m.kr.**
Smíðjagata 11a: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmálað að utan. Skoðum öll tilboð. **Verð 6,1 m.kr.**
Sunnuholt 6: 231 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Hægt að hafa 80 m² séríbúð á neðri hæð. Skípti á minni eign á Eyrinni koma til greina. **Verð 15,5 m.kr.**
Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skípti á minni eign möguleg. **Verð 13,5 m.kr.**

neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**
Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Tilboð óskast**
Hlíð II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax. **Verð 6,3 m.kr.**
Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**
Túngata 3: 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt rislofti. **Verð 4,5 m.kr.**
Urðarvegur 78: 73 m² íbúð á 3ju hæð f.m. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2,7 m.kr. **Verð 5 m.kr.**

Verzlunarsvæði

Hrannargata 2: 164,1 m² verslunarsvæði á 1. hæð og kjallara. Húsnæðið er tilvalið fyrir rekstur verslunar og/eda videoleigu. Verslunarinntættir geta fylgt með. **Verð 6,3 m.kr.**

Suðureyri

Aðalgata 2: 136 m² 6 herbergja sér íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð 6,2 m.kr.**
Aðalgata 2: 124,2 m² neðri hæð í tvíbýlishúsi, fyrrverandi pósthús með öllum tilheyrandi innréttingum. **Verð 6 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1

4-6 herb. íbúðir

Hafnarstræti 4: 176 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð ásamt rislofti og helm. af geymslu í kjallara. **Verð 7,5 m.kr.**

3ja herb. íbúðir

Hlíð II: 65,7 m² íbúð á 4ju hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 5,2 m.kr. **Verð 7,3 m.kr.**
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfloötur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**

2ja herb. íbúðir

Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**
Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**
Brunngata 12a: 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. **Tilboð óskast**
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á

Fyrsti golfhermirinn á Ísafirði tekinn í notkun

Hægt að velja um sex heimspekkta golfvelli

Golfhermir í eigu nokkurra félaga í Golfklúbbs Ísafjarðar var formlega tekinn í notkun í síðustu viku þegar Gylfi Sigurðsson, formaður GÍ, sló fyrsta höggið og vígði hann þar með. Eigendur hermísins, sem er staðsettur í Hafnarhúsinu á Ísafirði, kynntu herminn á fimmtudag og föstudag og um síðustu helgi gafst félögum í GÍ kostur á panta tíma í hann. Á mánudag gafst síðan öðrum áhugamönnum um golfþróttina að leigja aðgang að herminum. Birgir Valdimarsson, einn eigenda hermísins, segir ánægju meðal eigenda með að uppsetningu skuli vera lokið, þar sem hermirinn hefur verið til staðar frá vordögum á síðasta ári.

„Skiljanlega var ekki mikill áhugi fyrir því að setja herminn upp síðastliðið sumar þar sem menn voru kvölds og morgna inni í Tungudal að spila golf, en nú þegar vetur er loksins genginn í garð finnst okkur tímabært að setja herminn saman svo menn geti farið

að æfa sig. Okkur hefur líka vantað hentugt húsnæði því vél sem þessi þarf mikið gólfpláss eða alls um 40 fermetra,“ sagði Birgir. Herminn keyptu félagarnir notaðan af Keiluhöllinni við Öskjuhlíð á kr. 320 þúsund, en kostnaður við nýjan hermir hleypur á milljónum króna. Birgir segir að félögum í Golfklúbbs Ísafjarðar verði veittur forgangur að herminum en vissulega geti áhugasamir fengið afnot af honum, þar sem ráðgert hann verði í notkun fram á vor.

Golfhermirinn virkar þannig að sá sem er að leika, stendur fyrir framan kúpt tjald sem á er varpað myndum af golfvelli. Leikmaðurinn velur sér síðan kylfu og slær golfkúlu sem staðsett er á sérstakri mottu. Geislar sem umlykja leikmanninn, nema síðan hraða kúlunnar og stefnu og sýna á tjaldinu, hvar á vellingum hún lenti. Þannig heldur leikurinn áfram, allt til enda vallarins. Hægt er að velja á milli sex heimspekktra golfvalla.



Gylfi Sigurðsson formaður Golfklúbbs Ísafjarðar vígir golfherminn.

Nýr skíðaskáli í Tungudal

Opnaður innan fjögurra vikna

Framkvæmdum við nýjan skíðaskála foreldrafélags Skíðafélags Ísafjarðar í Tungudal hefur miðað vel að undanförunu og er nú komið að því að leggja loka hönd á verkið. Að sögn Páls Sturlaugssonar, eins þeirra

sem lagt hefur hvað mest á sig í sjálfböðavinnu við byggingu skálans, á aðeins eftir að koma fyrir innanstokksmunum og klára veitingaaðstöðu. Hann gerir ráð fyrir að skálinn verði formlega opnaður innan mánaðar. Smíði skálans hófst



Frá setusal skíðafólks.

í september 1998 og hafa sjálfböðaliðar að mestu séð um framkvæmdir. „Framkvæmdir við skálann hafa gengið samkvæmt áætl-

un og því verður mjög ánægjulegt að opna hann þegar þar að kemur. Skálinn verður opinn fyrir skíðaiðkendum, þar verður greiðasala og miðasala fyrir lyfturnar auk þess sem skíðabörn eiga þar heimangengt með nesi, svo framarlega sem þau ganga skikkanlega um,“ sagði Páll í samtali við blaðið. Í dag, fimmtudag eru skíðalyfturnar í Tungudal lokaðar vegna veðurs en stefnt er að því að opna þær um leið og veðrið gengur niður.


Fiskvinnslan Stál og hnífur ehf. á Ísafirði

Bjarni útnefndur flakari ársins

Bjarni Guðmundsson, 57 ára fiskvinnslumaður hjá fyrirtækinu Stáli og hnífum ehf., á Ísafirði var í síðustu viku útnefndur „Flakari ársins 2001“ af vinnuveitendum sínum. Að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins er Bjarni besti flakari landsins, handfljótur, duglegur og ósérhlífinn auk þess sem hann hefur ekki misst dag úr vinnu frá því hann hóf

störf hjá fyrirtækinu. Var Bjarna afhent viðurkenningskjal þessu til staðfestingar. Bjarni sem er frá Þingeyri við Dýrafjörð hefur unnið við flökun af og til frá því hann var 19 ára gamall, eða í hart nær fjörutíu ár, og segist hann aldrei hafa fengið þvilíka viðurkenningu fyrir störf sín. „Þetta er alveg frábært. Ég er ofsalega ánægður með þetta. Nú

hefur maður eitthvað til að segja frá,“ sagði Bjarni er hann tók við viðurkenningu. Auk þess að vera öflugur flakari hefur Bjarni getið sér gott orð fyrir að vera einn af ötulustu dósasöfnurum bæjarins og þannig séð um að halda götunum að mestu hreinum. Kannski fær Bjarni viðurkenningu fyrir það framtak í framtíðinni!



Bjarni með viðurkenningskjalíð.

Mikil og góð samstaða meðal sveitarfélaga

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í síðustu viku upplýsti Halldór Halldórsson, bæjarsjóri, að öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum hefði verið sent bréf þar sem óskað væri eftir samstarfi um sérstaka byggðaaætlun fyrir Vestfirði í kjölfar mikillar óánægju með tillögu ríkisstjórnarinnar að stefnu í byggðamálum næstu fjögur árin.

Halldór sagði í samtali við blaðið að hann hefði sjálfur rætt við fulltrúa allra tólf sveitarfélaganna á Vestfjörðum og alls staðar fengið mjög góð viðbrögð. Mikil samstaða væri um þátttöku í vinnunni en ætlunin er að sveitarfélög á hverju svæði fyrir sig komi fram með sínar áherslur sem síðan verða lagðar inn í eitt endanlegt skjal.

Þegar er búið er að leggja drög að byggðaaætlun fyrir Vestfirði og segir Halldór að þar séu tekin fyrir atriði úr tillögu iðnaðar- og viðskiptaráðherra til þingslályktunar um stefnu í byggðamálum er snúa að Vestfjörðum og lagðar fram hugmyndir um hvernig hægt sé að vinna úr þeim. Hann segir margt gott að finna í núverandi byggðaaætlun en vantað hafi tillögur um afmarkaðar aðgerðir og markvissa aðgerðaaætlun. Ekki síst hafi skort tillögur um raunhæfar aðgerðir til að snúa við búsetu og atvinnuþróun á Vestfjörðum. Þar hafi heldur ekki verið að finna tillögu um eflingu byggðakjarna í fleiri landshlutum en á Norðurlandi en Bygðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi að-

ur gert tillögu um tvo til þrjá byggðakjarna.

„Í byggðaaætlun okkar Vestfirðinga verður lögð áhersla á Ísafjarðarbæ sem byggðakjarna en tekið skal fram að ekki er reiknað með að unnið verði út frá þeim forsendum að byggðaaætlunin stefni öllu á Ísafjarðarsvæðið, öðru nær. Hugmyndin er sú að Ísafjörður verði nefndur sem einn þriggja til fjögurra byggðakjarna á landinu í samræmi við tillögur byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þetta er atriði sem snýr að stefnu ríkisins í byggðamálum. Hvað okkar sameiginlegu byggðaaætlun varðar, liggur ljóst fyrir að ef sameiginlegar þarfir nást ekki uppfylltar s.s. fullkomnar samgöngur milli staða og

traust atvinnulíf í öllum byggðum Vestfjarða, verður Ísafjörður enginn byggðakjarni fyrir svæðið“, segir Halldór.

Í drögunum verður að finna almenna greinargerð um stöðu Vestfjarða og möguleika svæðisins til framtíðar. Halldór segir að væntalega muni forsvarsmenn sveitarfélaga á hverju svæði fyrir sig koma saman, fara yfir drögin, gera athugasemdir og bæta við þau eftir því sem við á þannig að fram komi áherslur hvers svæðis Vestfjarða og möguleikar til framtíðar. Að lokum verður gerð samantekt um Vestfirði þar sem raunhæf byggðaaætlun fyrir svæðið er tekin saman.

Fyrir liggur að byggðaaætlun fyrir Vestfirði þarf að vera tilbúin fyrir lok febrúarmán-

aðar til að hún komist inn í nýja byggðaaætlun Alþingis sem nú hefur verið vísað til nefnda þingsins. Aðspurður um hvort sá tími dyggði Vestfirðingum, segir Halldór að iðnaðaráráðherra hafi lagt mikla áherslu á að tillögurnar bærust fyrir lok febrúar en óneitanlega hefði verið betra ef ekki hefði þurft að skila þeim fyrr en upp úr miðjum mars. Um það væri hins vegar ekki að ræða og ljóst að menn þyrftu að láta hendur standa fram úr ermum. Hann efast þó ekki um Vestfirðingum muni takast ætlunarverk sitt og segir mikilvægast að þeir sem vinni að byggðamálum trúi því sjálfir að hægt sé að snúa neikvæðri byggðapröun í jákvæða.

smáar

Slysavarnarkonur! Mættum í Sindragötu 6, hús Slysavarnafélagsins, nk. laugardag kl. 10-15. Þar er þörf á ykkar starfskraft við að spartsla og þússa glugga. Hafið samband við Siggu í s. 456 4145 og Guðrúnu í s. 456 4390 eða 861 4390.

Húseignin að Heiðarbrún 3 í Bolungarvík, sem er 224 m² einbýlishús er til sölu. Selst með yfirtöku á lánnum. Uppl. í síma 849 5300.

Fasteignin Hrannargata 3 á Ísafirði sem er endurbýgt 142,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 266 m² eignarlóð er til sölu. Frábært hús á frábærum stað. Verð kr. 11 milljónir. Áhvilandi um 7 milljónir. Uppl. gefur Nína í síma 897 0765 kl. 20-22 á kvöldin.

Hestamenn! Námskeið í hestamenni verður haldið í Bolungarvík 16. og 17. mars ef næg þátttaka fæst. Skráning hjá Guðrúnu í síma 894 8243.

Sautján ára strákur óskar eftir vinnu á Ísafirði eða nágrenni. Upplýsingar í síma 690 9168.

Tveir kanínuungar fást gefins vegna flutnings. Uppl. í síma 456 3770.

Á einhver gömul stálföt, stálskálur eða önnur stál ílát t.d. frá mótuneyti eða sjúkrahúsi, sem ekki eru lengur notuð. Ef svo er, hafið þá samband við Ólöfu Davíðsdóttur í Rammagerð Ísafjarðar s. 456 3041.

Óska eftir notuðu snjóbretti, 140-150 cm, með bindingum og skóm nr. 40, fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 4380.

Húseignin að Austurvegi 15 á Ísafirði er til sölu. Uppl. í síma 456 3881.

Húsnæði óskast til leigu sem fyrst. Uppl. gefur Torfi í síma 693 0765.

Til sölu er Polaris Indy Ultra snjósléði árg. 1996, ekinn 1.600 mílur. Uppl. í síma 698 0070.

Ísskápur fæst gefins. Lítur ágætlega út. Upplýsingar í síma 456 5330.

Stefnt á að flytja bókasafnið í Gamla sjúkrahúsið næsta sumar

Þrjátíu milljónir til framkvæmda í ár

Jóhann Hinriksson, forstöðumaður bæjar- og héraðsbókasafns Ísafjarðar, vonast til þess að safnið geti flutt starfsemi sína í húsnæði Gamla Sjúkrahússins á Ísafirði ekki seinna en næsta sumar. Á fundi með menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu greindi Jóhann frá stöðu mála varðandi Gamla sjúkrahúsið og væntanlegar framkvæmdir við innréttingar á húsinu á þessu ári. Í máli hans kom fram að í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2002 eru áætlaðar þrjátíu milljónir króna í Gamla sjúkrahúsið, sjö milljónir króna koma frá ríkissjóði og fimm milljónir króna úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Verða þessir peningar notaðir til að innrétta fyrstu og

aðra hæð hússins og er stefnt að því að þær verði að fullu tilbúnar þegar kemur fram á sumar. Verður þá hægt að losa núverandi húsnæðið safnsins á lofti sundhallarinnar á Ísafirði og flytja starfsemi í húsnæði Gamla sjúkrahússins sem á að verða safnahús bæjarfélagsins. Að sögn Jóhanns eru starfsmenn Tæknideildar Ísafjarðarbæjar nú að vinna útboðsgögn vegna framkvæmda við hæðirnar tvær og verða þau væntanlega tilbúin um næstu mánaðarmót.

Munu fyrirhugðar framkvæmdir felast í því að mála, ganga frá gólfefnum og leggja rafmagns- og tölvulagnir. Þá þarf að setja upp innréttingar og þar með talið bókahillur sem Jóhann segir að þurfi að sérsníða sökum þess hve herbergin eru misstór. Engar



Gamla sjúkrahúsið á Ísafirði.

staðlaðar bókahillur passa þar inn en vonast er til að hægt verði að smíða þær hér fyrir vestan. Aðspurður um risið á

Gamla sjúkrahúsinu, þá segir Jóhann að það verði látið bíða um sinn þar sem ekki liggja fyrir fjármagn til að ljúka

framkvæmdum þar en hugsanlega verði leitað eftir styrkjum svo ljúka megi því verki fyrir en síðar.

Bæjarmálafélag stofnað í Bolungarvík í kvöld

„Bolungarvík bráðvantar börnin sín!“

Bæjarmálafélag sem hefur það m.a. að markmiði að bjóða fram til sveitarstjórnar í Bolungarvík í vor, verður stofnað í Hjöddukaffi í Bolungarvík kl. 20 í kvöld. Í frétt frá aðstandendum hins nýja félags segir m.a.: „Í Bolungarvík hefur lengst af

dafnað lifandi og blómlegt samfélag til atvinnu og félagslegra þarfa. Síðustu árin hefur þrengt að byggð og búsetuskilyrðum í flestu tilliti. Því er nauðsynlegt að, þú ágæti bæjarbúi, látir til þín taka og leggir þitt af mörkum til að styrkja hér búsetu þér

og þínum til handa. Bolungarvík, bráðvantar börnin sín!“

Á stofnfundinum verða kynnt helstu málefni sem félagið hyggst beita sér fyrir auk þess sem boðið verður upp á tónlist, upplestur og kaffiveitingar. Sérstakur gestur fundarins verður Hallur



Hallsson, framkvæmdastjóri Voice Era, sem mun kynna fyrirtæki sitt og segja frá

framtíðarsýn sinni fyrir Bolungarvík og íbúana á staðnum.

Átta tilboð bárust úr sömu fjölskyldu

Níu tilboð bárust í húseignina Grænagarð við Seljalandsveg á Ísafirði sem Ísafjarðarbær auglýsti til sölu fyrir stuttu. Um er að ræða uppkaupahús á snjóflóðahættusvæði, sem ekki er gert ráð fyrir að verði varið, og er búseta í húsinu óheimil á tímabilinu 1. nóvember til 30. apríl ár hvert. Átta tilboðsgjafar tengjast fyrrum eiganda hússins, Pétri heitnum Péturs-

syni, þar á meðal sá tilboðsgjafi sem átti hæsta tilboð, Margrét Oddsdóttir læknir í Reykjavík. Tilboð hennar hljóðaði upp á 1,5 milljónir króna.

Aðrir tilboðsgjafar voru Gunnar Pétursson á Ísafirði, sonur Péturs, sem bauð 500 þúsund krónur í eignina. Sonur hans, Ólafur Þór Gunnarsson bauð kr. 400 þúsund, annars sonur Gunnars, Bjarni,

bauð kr. 750 þúsund og dóttir Gunnars, Berta, bauð kr. 1.250 þúsund. Þá bauð Oddur Pétursson, bróðir Gunnars, 850 þúsund krónur í eignina, sonur hans Haukur, yfirmaður tölvudeildar hjá Íslandsbanka bauð eina milljón króna og systir hans, Margrét, bauð 1,5 milljónir króna. Þá bauð frændi þeirra, Torfi A. Hjálmarsson gullsmiður á Ísafirði, kr. 350 þúsund í eignina. Nífunda til-



Grænigarður við Seljalandsveg á Ísafirði.

boðið kom frá Einari Halldórssyni á Kolfinnustöðum á Ísafirði og hljóðaði það upp á 615 þúsund krónur.

Grænigarður er steinsteypt hús frá árinu 1950 og eru tvær íbúðir í húsinu. Í kjallara er 68,3m² íbúð og á þeirri efri er

82,5m² íbúð. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ákvað að ganga til samninga við Margréti.

Borgríki

Valgerður Sverrisdóttir hefur lagt fram skýrslu sína um byggðaðþróun. Megininntak skýrslunnar er að efla einn stað á landsbyggðinni, sem mótvægi gegn höfuðborgarsvæðinu. Þetta hljómar kannski vel í eyrum sumra, en við nánari athugun kemur í ljós að þetta virkar illa á hinar dreifðu byggðir og smærri staði. Hugsunin á bak við þetta er rugl og er gert í þeim eina tilgangi að þjóna pólitískum hagsmunum Valgerðar Sverrisdóttur í sinni heimabyggð. Þetta er sannarlega misnotkun valds.

Akureyri er alls góðs verðug og ég fagna allri uppbyggingu þar, en hún má ekki vera á kostnað annarra byggða á landsbyggðinni og sjúga úr þeim síðasta blóðdropann. Það er beinlínis gert ráð fyrir því, að smærri byggðarlög, hringinn í kringum landið, leggist af. Höfundar og verjendur skýrslunnar eru ekkert að fara dult með það. Sjálfstæðismaðurinn og þingmaðurinn Gunnar Birgisson segir að ekki eigi að dreifa peningum út um alla landsbyggð og líkir því við þegar dreift er korni fyrir hænsni. Nær væri að láta þá peninga, sem hrökkva af borðum húsbændanna, á einn stað. Gunnar taldi þó að mátt hefði nefna Ísafjörð og Egilsstaði í skýrslunni, en svo var ekki gert, enda gefa skýrsluhöfundar sér það að íbúum þessara staða munu fækka en ekki fjölga. Nú er ekki verið að tala um einhver afdalakot sem eigi að farga, nú eru það þorpin og byggðirnar hringinn í kringum landið og þetta er gert í nafni þess, að efla eigi einn stað sem mótvægi gegn höfuðborgarsvæðinu.

Hvílíkt mótvægi! Nú er það annað borgríki sem stofna skal, Akureyrborg.

Þekktur skipulagsfræðingur sagði fyrir nokkrum árum að Ísland ætti að vera borgríki og orðaði það þannig: „Byggð á aðeins að vera á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni, að öðru leyti ætti landið að vera óbyggt.“ Tilvitnun lýkur. En nú skal stofnað annað borgríki, þ.e. Akureyrborg og næsta nágrenni hennar, svokallað Eyjafjarðarsvæði. Að öðru leyti skal landið vera óbyggt. Bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ var að vonum hneykslaður yfir skýrslunni og taldi að það hefði rifnað aftan af henni en svo var ekki. Aðrir staðir áttu einfaldlega ekki að lifa.

Norðurorka ehf.

Það kom mér á óvart að bæjarstjórnin skyldi hneykslast á skýrslunni, þar sem hann ásamt meirihluta bæjarstjórnarinnar var nýbúinn að leggja sitt af mörkum til að efla Eyjafjarðarsvæðið með því að afhenda þeim Orkubú Vestfjarða. Það vita það allir, sem það vilja vita, að Orkubúið fer undir Rarik og Rarik fer til Norðurorku ehf. á Akureyri. Það stýttist í það Vestfirðingar góðir, að við fáum rafmagnsreikninga sem eru a.m.k. 20% hærri en þeir sem við fáum í dag og á haus þeirra stendur ekki Orkubú Vestfjarða, heldur Norðurorka ehf. á Akureyri. Munum við borga þá með gleði?

Það eru engir smábítar sem við Vestfirðingar höfum lagt í púkkið til að efla Eyjafjarðarsvæðið. Fyrst var það Guggan í tíð fyrrverandi bæjarstjóra sem jafnframt var stjórnar- maður í Samherja, hagsmunatengsl myndi einhver segja, og síðan kemur Orkubú Vestfjarða. Mér þætti nær að bæjarstjórnin og meirihluti núverandi bæjarstjórnar, færu með veggjum heldur en að hneykslast á skýrslu Valgerðar. Það mætti jafnvel halda að

„Það vita það allir, sem það vilja vita, að Orkubúið fer undir Rarik“



Jón F. Þórðarson á Ísafirði skrifar

þeir sjálfir hefðu komið að gerða skýrslunnar.

Betl-e-hem

Þegar bæjarstjórnin í Bolungarvík var búinn að losa sig við Orkubúið var viðtal við hann í 47. tbl. BB sem kom út 21. nóvember sl. Þar segir hann orðrétt: „Ég er einn af þeim sem hafa alltaf haldið því fram, að það séu misvitur stjórnvöld sem nýta sér ekki þá reynslu og þekkingu sem hefur skapast hér á Vestfjörðum. Orkubúi Vestfjarða hefur tekist afskaplega vel að byggja upp góða þjónustu og raforkuöryggi. Starfsmennirnir þekkja veikleika og styrkleika raforkukerfa, vita og þekkja vel til virkjanakosta og þar fram eftir götunum. Ég tel að ríkisvaldið, ef það vill standa að því að styrkja byggð á Vestfjörðum, eigi að stuðla að sóknarfærum á Vestfjörðum með því að nýta starfsmenn Orkubúsins og þeirra þekkingu með því að efla alla starfsemi hér.“

Heyr á endemi! En þannig talar sjálfstæðismaðurinn og frjálsbyggjupostulinn Ólafur Kristjánsson, sem ætlar nú að hefja eina betliferðina enn til ríkisvaldsins, sem allir sannir sjálfstæðismenn eiga að hata, til að fá þetta ríkisvald til að leggja peninga í virkjanir á Vestfjörðum og efla þar byggð. Sem sagt eina Vestfjarðadúsuna enn. Hefur ríkisvaldið sýnt einhver áhuga á því að efla byggð á Vestfjörðum? Hafa gerðir þeirra undan- genginna ára sýnt það, eða vaknaði áhuginn eftir að þeir eignuðust Orkubúið? Hvers konar kjaftæði er hér verið að bera á borð?

Ekki er furða þótt byggð- arlög okkar séu kölluð Betl-e-hem eða Betlheimar. Það hefur verið eitt af verkum bæjarstjórnanna undanfarin kjörtímabil að fara betliferðir til Reykjavíkur, með bænaskjal til ríkisvaldsins og stundum hefur ríkisvaldið séð aumur á þeim og stungið upp í þá dúsu. Þessar betliferðir þeirra hafa skaðað ímynd okkar óbæt- anlega. Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir stendur í þekktri bók. Nær hefði verið að fara fram á það, að ríkisvaldið aflétti ólögum sínum og tæki ekki af okkur réttinn til að lifa. Hefðum við ekki getað virkjað sjálf, hefðum við hækkað orkuverðið um 20% og látið peningana renna í okkar eigin sjóð, fyrst það liggur ljóst fyrir að verðið munu hækka um þá upphæð eða er betra að peningarnir renni til hins nýja borgríkis, Akureyrar?

Ólafur segir ennfremur í sama viðtali: „Þeir sem voru á móti sölu Orkubúsins verða að sætta sig við að sala hefur farið fram.“ Við andstæðingar sölnunnar munum ekki sætta okkur við það. Umboðsmaður Alþingis telur, að þar sem hér sé um svo afdrifarikt mál að ræða fyrir heilan landsfjórðung, væri reynandi að kæra viðkomandi sveitarstjórnir fyrir embættisaf- glöp. Í bígerð er að láta á það reyna og freista þess að ógilda téða nauðungar- samninga. Það yrði verðugt verkefni fyrir væntanlega bæjarstjórn.

Jón Fanndal Þórðarson.



Fjöldi atvinnulausra í janúar var mestur í Ísafjarðarbæ en þar var 31 skráður atvinnulaus, 14 konur og 17 karlar.

Skýrsla Vinnumálastofnunar

Minnst atvinnuleysi á Vestfjörðum


Í skýrslu Vinnumálastofnunar um atvinnuástand í janúar kemur fram að meðalfjöldi atvinnulausra á Vestfjörðum var 57 eða um 1,5% af áætluðum mannafla en var 1,1% í desember 2001. Atvinnulausum Vestfirðingum hefur því fjölgað um þrjá á milli mánaða, en þar sem mikil minnkun er á frambóði vinnuaflls vegna búferlaflutninga hækka- ar atvinnuleysisprósentan talsvert á Vestfjörðum. Atvinnuleysi karla mælist 1,2% en var 0,9% í desember. Atvinnuleysi kvenna er 1,8% en var 1,5% í desember. Atvinnulausum körlum hefur fjölgað um þrjá en engin breyting er á fjölda atvinnulausra kvenna milli mánaða.

Í lok janúar voru 74 atvinnulausir á Vestfjörðum, 37 karlar og 37 konur. Fjöldi atvinnulausra var þá mestur í Ísafjarðarbæ en þar var 31 skráður atvinnulaus í lok janúar, 14 konur og 17 karlar. Séu skoðaðar breytingar á milli mánaða sést að atvinnulausum hefur einna helst fjölgað í Vestur- byggð eða um fjóra frá því í desember. Þar hafa sex karl- menn bæst á atvinnuleysis- skrá en á móti kemur að atvinnulausum konum hefur fækkað um tvær. Annars staðar á Vestfjörðum hafa litlar breytingar orðið á atvinnuleysi frá því í desember og hefur frekar dregið úr því á flestum stöðum miðað við

sama tíma fyrir ári síðan. Í Bolungarvík hafa orðið umtalsverðar breytingar á milli ára en þar voru nú í janúar aðeins 8 skráðir atvinnulausir sem er fækkun um 54 frá janúar í fyrra.

Í skýrslu Vinnumálastofnunar kemur fram að atvinnuleysi eykst alls staðar á landinu nema á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra eru óverulegar breytingar. Atvinnuleysi er mest á Norðurlandi eystra og Austurlandi en minnst á Vestfjörðum. Atvinnuleysið er nú meira en í janúar í fyrra á öllum atvinnusvæðum nema á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Atvinnuástandið hefur versnað mest á Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi miðað við desember.

Á landinu öllu voru skráðir 76.039 atvinnuleysisdagar sem jafngildir því að 3.306 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Þessar tölur jafngilda 2,4% af áætlun Þjóðhagsstofnunar um mannafla á vinnumarkaði í janúar 2002. Hefur atvinnulausum fjölgað í heild um 22,1% að meðaltali frá desembermánuði en um 52% frá janúarmánuði 2001, en atvinnuleysi var þá með lægsta móti. Undanfarin 10 ár hefur atvinnuleysið aukist um 11,8% að meðaltali frá desember til janúar. Aukning nú er því talsvert meiri en árstíðarsveiflan sl. tíu ár.



Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen á Ísafirði

Sér um hönnun gatna í nýju íbúðarhverfi á Skeiði

Verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsen mun sjá um hönnun og gerð útboðsgagna vegna lagna og gatnagerðar fyrirhuguðu íbúðarhverfi á Skeiði í Skutulsfirði. Þetta var samþykkt í bæjarráði Ísafjarðarbæjar fyrir stutu en áður hafði bæjarstjórn samþykkt að gengið yrði til samninga við VST sem gert hafði tilboð í verkið að upphæð kr. 4.500.000.

Nokkur ár eru síðan Ísafjarðarbær bauð verkið út en tilboðin voru opnuð þann 7. júní árið 1996. Var þá ljóst að VST átti lægsta tilboðið en vegna endurskoðunar á snjóflóðahættumati á þeim tíma lagðist Veðurstofa Íslands gegn byggingu húsa á Tunguskeið og því var verkinu frestað. Að undanförunu hafa viðræður staðið yfir við VST vegna málsins og náðist samkomulag um að verð fyrir

umrædda þjónustu yrði kr. 4.500.000. Hér er um endanlega fjárhæð að ræða sem felur í sér hönnun, gerð útboðsgagna, mæliblaða, mælingar og jarðvegsrannsóknir fyrir allt hverfið skv. deiliskipulagi.

Framreiknað tilboð VST frá 1996, miðað við byggingarvísitölu, er kr. 4.610.890 en mælingar og jarðvegsrannsóknir voru ekki innifalín í því tilboði.

Miklar framkvæmdir við höfuðstöðvar Orkubúsins

Steypan í húsinu þoldi ekki íslenska veðráttu

Miklar framkvæmdir standa nú yfir við höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða hf. á Stakkanesi á Ísafirði. Fyrirhugað er skipta um allt ytra byrði hússins og klæða það að utan og hefur nú þegar verið skipt um alla glugga. Harla óvenjulegt þykir að hefja slíkt verk um miðjan vetur en að sögn Kristjáns Haraldssonar, orkubússtjóra, hefur veðráttan ekki háð framkvæmdum enn sem komið er. „Við ákváðum að gera þessar breytingar fyrir um þremur árum þegar rannsókn á borkjörnum sem teknir voru úr steypunni í húsinu, leiddu í ljós að hún þyldi ekki íslenska veðráttu og myndi molna niður innan tíðar, ef ekkert yrði að gert,“ sagði Kristján.



Miklar framkvæmdir standa yfir á húsnaði Orkubús Vestfjarða á Stakkanesi á Ísafirði.

„Síðan þá höfum við verið að bíða eftir hentugum tíma til þess að hefja verkið. Útboð

á verkinu fór fram sl. haust og verktakinn hefur frest 15. júní til að skila verkinu,“ sagði Kristján og bætti við að allt virtist benda til þess að framkvæmdum myndi ljúka fyrir þar sem verkið gengur með besta móti. Það er Sigurður Ólafsson, byggingarmeistari í Bolungarvík sem sér um framkvæmdirnar en tilboð hans hljóðaði upp á 15,6 milljónir króna. Hönnuður breytinganna er Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt.

Staða hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar auglýst innan tíðar

Áhersla lögð á markaðssetningu hafnarinnar

Starf hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar verður auglýst laust til umsóknar innan tíðar og þá með breyttri starfslýsingu þar sem meiri áhersla verður lögð á þátt markaðssetningar hafnarinnar. Frá því fyrrverandi hafnarstjóri, Hermann Skúlason, féll frá sl. sumar hefur Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, sinnt stjórnsýsluþætti starfsins og Theodór Richard Theodórsson, hafnar-

vörður, séð um verklega þáttinn þ.e. haft yfirumsjón með daglegum rekstri hafna Ísafjarðarbæjar.

Halldór segir það fyrirkomulag hafa reynst ágætlega en hins vegar standi vilji bæjaryfirvalda til að ráða í starfið á grundvelli 100% starfs. „Hafnarstjórn og bæjarstjórn höfðu það til hliðsjónar í ákvarðanatöku sinni um málið að Ísafjarðarhöfn er sjötta

stærsta höfn landsins hvað varðar tekjur af starfsemi og því má álykta að hún verðskuldi einstakling til að hafa yfirsýn yfir hana og stjórna henni af heilum hug,“ segir Halldór.

Hann segir að vandlega hafi verið athugað með hagræðingu og meðal annars hafi verið rætt um að sameina hafnar svið og umhverfissvið. „Við höfum verið að fækka í yfir-

stjórn bæjarins og ákváðum að auglýsa ekki stöðuna fyrir en við höfum lokið vinnu við fjárhagsáætlun. Þegar staða losnar skyndilega eins og þarna átti sér stað, er oftast talið rétt að endurskoða reksturinn áður en ráðið er í stöðuna á nýjan leik. Á endanum varð formlega samþykkt að auglýsa eftir hafnarstjóra, með örlítið breyttri starfslýsingu þannig að meiri áhersla

verði lögð á markaðshlið starfsins,“ sagði Halldór.

Halldór segir að allt það markaðsstarf sem unnið hefur verið á höfninni á liðnum árum, hafi skilað sér rækilega til baka og nefnir sem dæmi skemmtiferðaskipin sem heimsótt hafa Ísafjarðarbæ undanfarið og auðgað Vestfirðinga með iðandi mannlífstraumum og aukinni verslun.

Fjórir Ísfirðingar á leið í Vasagönguna í Svíþjóð

Hálf öld liðin frá því Gunnar Pétursson tók fyrst þátt í göngunni

Fjórir Ísfirðingar eru skráðir til leiks í Vasagöngunni í Svíþjóð sem fram fer þann 3. mars nk. Þetta eru þeir Gunnar Pétursson, feðgarnir Kristján Rafn Guðmundsson og Guðmundur Rafn Kristjánsson og Elías Sveinsson, en alls munu 22 Íslendingar taka þátt í göngunni sem nú verður haldin í 78. sinn.

Þessi 90 km ganga frá Sälen til Mora er þolraun sem jafnan dregur að sér þúsundir manna. Árlega eru þátttakendur í sjálfri Vasagöngunni á bilinu 13.000 til 15.000, en fjöldi fólks tekur einnig þátt í öðrum keppnum sem göngunni tengjast, t.d. Barna-Vasa, Kvenna-Vasa, Hálf-Vasa og því sem kallað er „Opíð spor“, sem er e.k. tímataka á Vasaleiðinni sem hægt er að fara í

dagana fyrir göngu. Vasagangan er án efa vinsælasta skíðagöngukeppni veraldar enda ferðast fólk landa og heimsálfa á milli til að taka þátt. Hún er líka einn af stærstu viðburðunum í íþróttarlífi Svíþjóðar ár hvert og sjónvarpsútsendingar frá göngunni eru víðamestu sýningar sænska ríkissjónvarpsins.

Þótt meirihluti þátttakenda í Vasagöngunni geti fallið undir skilgreininguna „trimmarar“ er gangan engu að síður að treysta sig í sessi sem ein af stóru göngunum í augum þeirra bestu. Í ár er búist við þátttöku margra af sterkustu skíðagöngumönnum heims, þ.á.m. er Ólympíumeistarinn Andrus Veerpalu frá Eistlandi. Landar hans, þeir Jack Mae,

bronsmaður frá ÓL, og Raúl Olle, sigurvegari í Vasagöngunni 2000 munu einnig stilla sér upp á startlíuninni. Norðmenn, sem ekki hafa sigrað í Vasagöngunni frá 1971, leggja mikinn metnað í að vinna nú loksins gullið og treysta þar helst á Hávard Skorstad, sem er einn helsti sérfræðingur þeirra í löngum göngum. Einnig eru bundnar vonir við að gamli jálkurinn Erling Jevne geti keppt, en hann myndi vitaskuld teljast í hópi þeirra sigurstarnglegustu.

Veðbankar gera ekki ráð fyrir því að okkar menn blandi sér í baráttuna um sigur, en þó er víst að þeir hafa alla burði til að standa sig vel. Gunnar Pétursson heldur nú upp á það að liðin eru 50 ár síðan hann tók fyrst þátt í Vasagöngunni,

en árið 1952 varð hann, ásamt Ebenezer Þórarinssyni, Sigurjóni Halldórssyni og Þingeyingnum Ívari Stefánssyni, fyrstur Íslendinga til að preyta þessa þolraun. Þeir Gunnar og Ebba rifjuðu þá sögufrægu göngu upp í Skíðavíkublaðinu 2001 og sögðu m.a.: „Þetta var svolítið erfið ganga. Þetta eru 90 kílómetrar og það var eiginlega ekkert spor. Það voru að vísu tvenn spor í startinu en síðan ekki söguna meir. Brautin hafði verið fóttröðin fyrir mótið, en svo rigndi og frysti aftur þannig að þetta var bara svell á köflum. Við fórum af stað með skaraklístur undir, en það fór allt undan. Og birkisólarnir á skíðunum sem við fengum til að ganga á voru líka alveg búnir á eftir.“ Þeir kláruðu þó með miklum

sóma, Ebba varð 58. í röðinni og Gunnar varð númer 120, en alls voru keppendur 364, sem var lang mesti keppendafjöldi í Vasagöngunni fram að því. Gunnar hefur síðan farið gönguna tvisvar og er því að taka þátt í henni í fjórða sinn.

Kristján Rafn Guðmundsson tekur nú þátt í göngunni í níunda skipti í röð, en hann og Stefán Jónasson bóksali á Akureyri eru þeir Íslendingar sem oftast hafa rennt skeiðið frá Sälen til Mora. Sonur Kristjáns, Guðmundur Rafn, tekur nú þátt í þriðja skipti, en hann hefur að auki tekið þátt í Hálf-Vasagöngunni einu sinni. Elías Sveinsson er að fara gönguna í fjórða sinn þannig allir eru þessir menn með reynsluna á sínu bandi.

Bocciamót

Íþróttafélagið Ívar býður til keppni

Íþróttafélagið Ívar á Ísafirði, sem hefur getið sér gott orð fyrir árangur sinn í Boccia, hyggst bjóða öllum þeim er vilja etja kappi við félagsmenn á opið Bocciamót í íþróttahúsinu á Torfnesi sunnudaginn 17. mars kl.15.

Áhugasamir ættu því að setja saman tveggja manna lið og hefja æfingar hið fyrsta, vilji þeir hafa einhvern möguleika á sigri. Einnig er æskilegt að þeir finni nafn á væntanlegt lið sitt. Til mikils er að vinna því auk þess að bikar sé veittur fyrir fyrsta sætið, verða einnig veitt verðlaun fyrir hittni, liðsheild, skopskyn, búninga o.fl. Þáttökugjald á mótið er kr. 1000 og er tekið við skráningum hjá Kiddy á svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í s.456-5224 til 14. mars.

Þeir sem vilja kynna sér íþróttina betur fyrir mótið eða æfa lið sín, eru velkomnir á æfingar hjá Íþróttafélaginu Ívari sem eru haldnar í íþróttahúsinu á Torfnesi á miðvikudögum og föstudögum kl. 17:20.

Víða um land er farið að bera á titringi og forskjálftum vegna sveitarstjórnarkosninganna í vor. Fyrstu prófkjörin eru afstaðin, önnur eru í undirbúningi en víða er unnið að uppstillingu á lista. Margir telja að prófkjör séu að renna sitt skeið á enda, að þeirra tími sé einfaldlega liðinn. Þegar þetta er skrifað um miðjan febrúar eru línur lítið eitt farnar að skýrast í framboðsmálum í Ísafjarðarbæ en þó er í rauninni fátt á hreinu ennþá. Fyrir liggur að sjálfstæðismenn efna ekki til prófkjörs. Sárafáir gáfu kost á sér í þann slag og var því ákveðið að stilla upp lista. Stefnt er að því að tillögur uppstillingarnefndar liggi fyrir um mánaðamótin.

Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ, Halldór Halldórsson, tók við starfinu í byrjun kjörtímabilsins fyrir tæpum fjórum árum. Þá hafði hann gegnt stöðu framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga um tæplega tveggja ára skeið.

Áður en Halldór fluttist ásamt fjölskyldu sinni vestur til Ísafjarðar fyrir tæpum sex árum hafði hann átt sæti í bæjarstjórn í Grindavík fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann átti ekki sæti á framboðslista í Ísafjarðarbæ fyrir síðustu kosningar en var kynntur í kosningabaráttunni sem bæjarstjóraefni sjálfstæðismanna. Í kosningunum fengu sjálfstæðismenn fjóra fulltrúa af níu og mynduðu meirihluta ásamt fulltrúa fram-

sóknarmanna og Halldór var ráðinn bæjarstjóri. Halldór Halldórsson er 37 ára að aldri, fæddur og uppalinn í Ögri við Ísafjarðardjúp. Hann var yngsti bæjarstjóri landsins – „þangað til Ásdís Halla [*Bragadóttir, bæjarstjóri í Garðabæ*] spillti því fyrir mér á miðju kjörtímabilinu“, segir hann. Á þeim tíma þegar Halldór var að alast upp og lengi síðan voru allmargir fámennir sveitahreppar við Djúpið en Ögurhreppur var einn þeirra. Í sameiningarlotu sveitarfélaga undir lok nýliðinnar aldar hurfu þessir hreppar ýmist inn í Súðavíkurehrep eða Hólmavíkurehrep.

Það vakti athygli á sínum tíma, að hinn svarthærði og þykkhærði maður Halldór bæjarstjóri var allt í einu orðinn bersköllóttur, ekki stingandi strá á höfðinu. Nú er aftur komin góð rækt í höfuðsvörðinn og hárið orðið þykkt og svart eins og fyrr. Ástæðan fyrir hármisssinum voru veikindi sem Halldór varð fyrir. Sjálfur gerir hann lítið úr þessu og hendir jafnvel gaman að því. „Það má segja að ég hafi haft mörg andlit á kjörtímabilinu. Ég vissi ekkert að ég væri veikur þegar ég byrjaði sem bæjarstjóri. Það tók sinn toll að berjast í þessu og ég missti eina tólf daga úr vinnu. Kannski hefði ég átt að taka mér eitthvert meira frí en mér gekk vel að vinna mig út úr þessu. Í dag er ég eldhress.“

Í þessu viðtali er lítið yfir það kjörtímabil

sem nú er senn á enda, horft fram á veginn og fjölmargir þættir skoðaðir. Við blasir, að á Ísafirði og í Ísafjarðarbæ hefur kjörtímabilið borið merki meiri stöðugleika en um nokkurt árabil þar á undan. Ekki hafa orðið neinar „sprengingar“ í bæjarstjórn, eins og stundum gerðist áður. Kjörtímabilið næsta á undan einkenndist af aukakosningum vegna sameiningar sex sveitarfélaga undir nafni Ísafjarðarbæjar með öllu því umróti sem slíku fylgir. Síðustu fjögur árin virðast einkennast af vinnusemi hjá meirihluta jafnt sem minnihluta, þar sem öllu meiri áhersla virðist hafa verið lögð á málefni en hávaða. Þannig kann sumum að finnast að bæjarmálin hafi verið með dauflegra móti, í samanburði við það sem Ísafjörður var löngum þekktur fyrir. Samt hefur þetta verið ákaflega erfiður tími á margan hátt. Og ekki aðeins fyrir Ísafjarðarbæ, heldur einnig mörg önnur sveitarfélög á landsbyggðinni. Vissulega hefur Ísafjarðarbær og staða hans verið mjög í fréttum á landsvísu, einkum hvað varðar fjárhag, atvinnu- mál og fólksfækkun. Og þegar flett er úrklippum úr dagblöðum frá síðustu árum, þá kemur í ljós, að þrátt fyrir lítinn hávaða innan bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hefur bæjarstjórinn, þessi annars rólegi maður, hvergi dregið af sér á landsvísu í skarpri gagnrýni á hlut stjórnvalda í málefnum landsbyggðarinnar.

Það eru svo mörg tæ

Þegar Halldór Halldórsson er spurður hvernig honum hafi líkað að gegna starfi bæjarstjóra þessi ár, þá hugsar hann sig ekkert um heldur segir einfaldlega að sér hafi fundist það fínt.

„Því er ekki að neita að þetta er bæði erfitt starf og tímafrekt. En í rauninni hef ég haft meiri ánægju af því en ég hafði ímyndað mér í upphafi. Þegar mér stóð þetta til boða var ég í starfi hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga og mjög ánægður þar. Ég var að vísu búinn að vera þar fremur skamman tíma en ég hugsaði með mér að það væri spennandi að taka þennan slag með bæjarstjórninni næstu fjögur árin.“

Slagurinn hefur svo sem ekki alltaf verið auðveldur en mér finnst við hafa komið mörgu góðu í gegn. Við höfum breytt töluvert miklu í rekstri bæjarfélagsins. Ísafjarðarbær var eitthvert skuldsettasta sveitarfélag landsins. Búið sem við tókum við var mjög erfitt. Við höfum gert margar breytingar á skipulagi sveitarfélagsins. Þannig höfum við meðal annars fækkað yfirstjórnendum og hagrætt í rekstri. Við höfum náð tókum á rekstri sveitarfélagsins, þó

að það sé verkefni af því tagi sem tekur aldrei enda. Stór liður í því var reyndar sala á hlutabréfum bæjarins í Orkubúi Vestfjarða á síðasta hausti.“

Miklu hagrætt í rekstrinum

– Hverfur ekki allt annað varðandi stöðu bæjarsjóðs í skuggann af þeirri sölu?

„Hún breytir vissulega langmestu. Hún hefur það í för með sér, að í dag erum við nánast ekki að greiða neina vexti af skuldum. Við erum að ávaxta fé og greiðum jafnframt niður skuldir á þremur árum um rúmar 700 milljónir króna. En þó að þessi sala breyti gríðarlega miklu hefur hagræðingin í rekstrinum líka haft mikið að segja. Sveitarfélög landsins hafa yfirleitt einmitt verið að fara í hina áttina í þeim efnum, líka Ísafjarðarbær. Reksturinn hefur verið að aukast.“

Sú þróun á sér einkum stað vegna þess að sveitarfélögin eru að taka við fleiri verkefnum og þau verkefni sem þegar er búið að taka við eru að þyngjast. Þar má nefna sem

lítið dæmi, að laun leikskólakennara, grunnskólakennara og tónlistarkennara hækkuðu um 20 til 30 prósent á síðasta ári. Hvað reksturinn snertir þarf virkilega að vera á tánum, eins og það er kallað, og ég tel þar margt hafa tekist vel hjá okkur. Sveitarfélög landsins standa í stöðugri glímu. Á þessu ári verður þannig að skoða tekjustofna þeirra gaumgæfilega eina ferðina enn og líta af mikilli alvöru á mismunandi stöðu sveitarfélaga.“

– Hefur sú hagræðing sem nú nefnir ekki komið niður á þjónustunni?

„Nei. Það hefur alltaf verið haft að leiðarljósi að skerða ekki þjónustuna. Við teljum að hún hafi frekar aukist en hitt. Ég nefni sem eitt dæmi um aukna þjónustu, að á síðasta hausti voru hér teknar upp niðurgreiðslur á dagmæðragjöldum. Það er mitt álit að þjónustan hjá Ísafjarðarbæ sé mjög góð.“

Stefnan að fara vel með féð

– Nú hafa forsendur breyst verulega við sösluna á Orkubúi Vestfjarða. En er það ekki ein-

ungis tímabundinn bati, gál-gafrestur sem endist í nokkur ár meðan verið er að éta upp andvirðið áður en allt fer í sama farið á ný, ef leikreglurnar milli ríkis og sveitarfélaga verða svipaðar?

„Að mínu áliti fer þetta ekki síst eftir því, hvernig hér er á haldið af hálfu bæjarstjórnar. Leikreglurnar eru svipaðar um allt land. Þegar ég segi hvernig hér er á haldið, þá á ég við að ytri skilyrði breytist ekki verulega frá því sem nú er. Ef við höldum því sem við höfum núna í grunnatvinnuvegum okkar, sjávarútvegi og landbúnaði og öllu sem þeim fylgir, og höldum svipuðu tekjustigi í sveitarfélaginu, þá er salan á hlut sveitarfélagsins í Orkubúi Vestfjarða ekki aðgerð til bráðabirgða, heldur breytir hún fjárhag sveitarfélagsins varanlega.“

Ég tel að bæjarstjórn hafi einmitt tekið mjög ábyrgt á málum. Tökum sem dæmi þá hugmynd að halda hér Landsmót UMFÍ, sem hefði kostað sveitarfélagið 200 til 300 milljónir króna. Það var einfaldlega mat okkar, þegar við sáum hversu mikið mótshaldið kostaði, að það væri ekki verjandi að gera þetta á þess-

um tíma. Vissulega hefði verið hægt að klára Orkubúspeningana á skömmum tíma, setja hundruð milljóna í mótshaldið og byggja skóla og gera alla hluti í einu. Stefna okkar er hins vegar að fara vel með féð og ráðast ekki í alla hluti í einu, heldur taka verkefni eitt af öðru og fresta öðru á meðan. Þannig er núna stórt verkefni framundan, sem er skólabygging fyrir Grunnskólann á Ísafirði.

Stefnan var og er sú, að nýta afganginn frá rekstri sveitarfélagsins fyrst og fremst í framkvæmdir en vera ekki að taka af þeim höfuðstól sem við höfum komið okkur upp með sölu Orkubúsins. Þetta er alveg hægt. En ef við horfum fram á einhverja niðursveiflu í atvinnulífínu, þá gjörbreytast tekjurnar auðvitað samfara því. Við sáum hér hins vegar tekjuaukningu á síðasta ári og við spáum tekjuaukningu á þessu ári.“

Byggðamál sem virka vel

– Heldurðu að nú sé komið að einhverjum endipunkti á fólksfækkuninni hér á svæðinu? Eða býstu við sömu þró-

un á næstu árum og verið hefur um árabil?

„Ég hreinlega veit það ekki. Maður bindur alltaf vonir við að hægt sé að halda í það fólk sem hér er og jafnvel að því fjölgji. Mér finnst hins vegar vanta skýrari byggðastefnu – byggðastefnu sem virkar. Það er sitthvað gott að gerast og fólkið hér hefur einmitt verið að berjast fyrir þeim hlutum. Þar má nefna auknið námsframboð hér vestra og eitthvað hefur verið að flytjast hingað af opinberum störfum þó að á sama tíma sé verið að kroppa í sumar stofnanir. Þá hefur lífsskjarajöfnun verið einhver t.d. auknar niðurgreiðslur í húshitunarkostnaði sem breyta miklu. Hér hefur verið byggt upp öflugt þróunarsetur þar sem háskólamenntað fólk vinnur. Margt annað mætti nefna.“

En á sama tíma höfum við horft upp á samdrátt í aflaheimildum hér á svæðinu. Reyndar hafa smábátarnir bjargað miklu. Í þeim efnum, svo dæmi sé tekið, finnst mér ekki hafa verið rétt að málum staðið. Mér fannst að kerfi smábátanna gæti alveg lifað samhliða stóra kerfinu svokallaða. Sumir af þessum bát-



Þekking færri í lífinu

– segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ

um voru dagabátar og þeir hefðu mátt halda sínu. Að vísu er það góð breyting að nú eru sóknareiningar taldar í klukkustundum í stað daga. Þeir bátar sem voru með þorskvóta hefðu síðan mátt vera utan kvóta í öðrum tegundum. Þetta var og er mín sannfæring og mér fannst það rúmast ágætlega með hinu kerfinu. Við vorum að sækja í okkur veðrið á þessu sviði hérna fyrir vestan. Mér finnst það alger óþarfi af ríkisstjórn og Alþingi að vera að breyta svona hlutum þegar þeir virka vel. Þetta eru byggðamál sem virka vel. Af hverju þá að vera að breyta?

Á móti þeim jákvæðu þáttum sem ég nefndi koma aðrir neikvæðir, svo sem aukinn flutningskostnaður. Mér finnst vanta að fyrir sé brugðist við slíkum hlutum og öðrum þegar þeir koma upp, ef þess er nokkur kostur.

Að þessu sögðu bind ég vonir við að okkur geti farið að fjölga á landsbyggðinni á ný. Það er viðleitni í gangi fyrir austan. Það er viðleitni að efla Eyjafjarðarsvæðið. Það er viðleitni að búa til öfl-

ugri byggðakjarna hér fyrir vestan. Ég ætla að vona að núna sé einhver alvara á bak við orðin. Vissulega hafa margir talað um þetta gegnum tíðina en mér finnst tími til kominn að því fylgi einhver alvara.“

Uppbygging öflugra byggðakjarna

Við þessi orð Halldórs Halldórssonar er rétt að setja þann fyrirvara sem beint og óbeint er vikið að í þessu samtali á nokkrum stöðum: Viðhorf stjórnvalda og leikreglur í samskiptum ríkis og sveitarfélaga eru eitt af því sem úrslitum ræður. Enn er ráðherra að kynna nýja byggðastefnu. Þar virðist ekki ráð fyrir því gert að fólki fjölgi í Ísafjarðarbæ á ný. En það kemur dagur eftir þennan dag og málin eru sífellt í endurskoðun. Viðbrögð bæjarráðs og bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar við þessu útspili ráðherra hafa verið harkaleg en um leið nauðsynleg til að Vestfirðingar haldi sínum hlut í nýrri byggðaaætlun.

„Uppbygging öflugra byggðakjarna er mjög mikilvægt atriði“, segir Halldór, „þó að með því sé ekki verið að segja að það eigi að draga kraftinn úr einhverjum öðrum. Það allra mikilvægasta er hins vegar að við sjálf, við sem hér búum, séum hugmyndarík og kröftug og gerum allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma með nýjar hugmyndir og ný atvinnutækifæri.“

Við hérna fyrir vestan erum vissulega hugmyndarík og kröftug. Hér eigum við öflug nýsköpunar- og sprotafyrirtæki og búum yfir gríðarlega mikilvægri þekkingu. Það er hefðbundið að nefna fyrirtækin 3X-Stál og Póls, Sindraberg, Snerpu, Netagerðina en margt annað er á döfinni. Menn eru að sækja í sig veðrið í litlum fiskvinnslum, á smábátunum og líka í stærri fyrirtækjum, sjáðu t.d. þorskeldið sem er auðsjáanlega mest að gerast í hér fyrir vestan. Þegar ÚA telur 700 þorska úr fiskeldiskví er því næstum sjónvarpað beint en á sama tíma eru Vestfirðingar að slátra fleiri tonnum af eldisþorski. Það er misjafnt fréttamatíð.“

Vannýttar auðlindir

„Líka vil ég nefna Netagerð Vestfjarða, en segja má að öll sú þekking sem þar er saman komin sé vannýtt auðlind. Ég undrast að til dæmis Hafrannsóknastofnun skuli ekki nýta sér þessa auðlind, þá miklu þekkingu sem býr í þessu fyrirtæki. Hafrannsóknastofnun hefur verið að vandræðast með veiðarfærarannsóknir sínar. Af hverju semja þeir ekki við okkur, við þetta svæði, við Netagerðina, um að annast þessar rannsóknir og nýta þá gríðarlegu þekkingu á þessum sviðum sem hér er til staðar? Þetta er tækifæri til að efla byggðina og vera til hagsbóta fyrir allt þjóðfélagið.“

– Er það einhver óskýranlegur kraftur, allt að því náttúrulögmál, sem dregur fólkið til sín, frá landsbyggðinni og til Reykjavíkursvæðisins, hvað sem gert er til að spyrna á móti?

„Það er líklega viðfangsefni og vandasöm spurning hjá flestum þjóðum heims, af hverju fólk fer úr sveitum í þéttbýli og svo úr því þéttbýli

í borgir. Stundum hefur maður á tilfinningunni að stóru ljósvakafjölmiðlarnir, Rás 2, Ríkissjónvarpið og Stöð 2, séu í rauninni svæðisfjölmiðlar Reykjavíkur og nágrennis. Ég býst við að ýmislegt sem þar kemur fram síust inn hjá íbúum landsbyggðarinnar, að þeir fái kannski á tilfinninguna að ekkert sé að gerast í þeirra umhverfi, heldur að allt sé að gerast á þessum eina punkti fyrir sunnan. Þegar sagt er frá veðrinu, þá er það veðrið í Reykjavík. Í Kastljósinu sér maður sama fólkið kvöld eftir kvöld eftir kvöld. Manni bregður við ef þar sést einhver af landsbyggðinni. Fréttamatíð er á sama veg. Ef strætisvagnafargjöld hækka í Reykjavík, þá er það fjögurra mínútna frétt í Sjónvarpinu. Úti á landi þarf helst eitthvað dramatískt að gerast til að sagt sé frá því.“

Kraftar sem togast á

„Þetta getur allt haft sín áhrif. Við eigum hins vegar ekki að láta það hafa áhrif á okkur. Við erum hér með góða svæðisbundna fjölmiðla, að vísu ekki svæðisbundið sjónvarp. Óvissa í atvinnulífinu hefur líka sín áhrif, mikil áhrif, og hér hefur verið óvissa kringum kvótakerfið og þær breytingar sem þar eru gerðar. Þar höfum við ekki náð að halda okkar hlut. Hér var eitt öflugasta sjávarútvegssvæði landsins fyrir um tuttugu árum. Einhverra hluta vegna hafa aðrir náð að spila betur

úr þeim spilum en við. Sem betur fer höfum við hér ennþá öflug fyrirtæki og einstaklinga sem eru í útgerð og fiskvinnslu og byggja að stærstum hluta á þessu kerfi. En við vorum bara með meira. Kannski höfum við eytt of mikilli orku í að berjast gegn kerfinu sjálfu í staðinn fyrir að vinna með því og byggja okkur upp í samræmi við það.“

Jú, það er einhver ósýnilegur kraftur sem togar að minnsta kosti í suma. En það er líka kraftur sem togar fólk hingað. Við verðum bara að gera betur í því að bjóða því fólki þær aðstæður sem til þarf. Þar vil ég reyndar meina, að sveitarfélagið Ísafjarðarbær sé að gera allt sem í þess valdi stendur. Starfsemi grunnskólanna hefur batnað svo um munar. Starf leikskólanna er gott. Við höfum verið að bæta okkur í umhverfismálum. Við höfum verið að taka á í öllu sem heitir þjónusta sveitarfélaga. Við erum með góðar vatnsveitur og erum sífellt að bæta þær enn.

Allt þetta umhverfi sem sveitarfélagið er að skapa er gott. Það er gott að flytjast hingað og setja börn í skóla. Hér er mikið menningarlíf og að mjög mörgu leyti er gott að búa hér. Ég segi óhikað: Sveitarfélagið Ísafjarðarbær hefur stöðugt verið að bæta þjónustuna. Við höfum stöðugt verið að bæta það umhverfi sem við sköpum einstaklingum og fyrirtækjum. Að því leyti ætti að vera gott að koma

hingað og gott að búa hér.“

Sameining sveitarfélaga

– Telur þú að sameiningin hafi verið heillaspor fyrir sveitarfélögin sex sem sameinuðust fyrir sex árum og mynduðu Ísafjarðarbæ? Hefðu ef til vill átt að vera enn fleiri sveitarfélög í þeirri sameiningu?

„Ég tel að öll sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum hefðu átt að sameinast í eitt. Það er erfitt að sameina sveitarfélög. Staða þeirra er misjöfn og því fylgja erfiðleikar sem þarf að vinna sig fram úr. Fjarhagurinn er misjafn. Það er misjafn kúltúr. Hvort sem við köllum það gæfuspör eða heillaspor eða hvað, þá tel ég að það hafi verið rétt spor að sameina þessi sveitarfélög. Ekki endilega vegna þess að því fylgi mikil hagræðing í rekstri, heldur fyrst og fremst vegna þess að sameinað sveitarfélag er öflugri eining. Það er öflugra í samfélagi sveitarfélaganna. Það er öflugri eining í þeim gríðarlegu breytingum sem hafa orðið og eru að verða á umhverfi sveitarfélaganna. Þau eru að taka til sín fleiri verkefni.“

Svo finnst auðvitað sumum sem búa í hinum smærri af gömlu sveitarfélögunum, svo sem á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, eins og eitthvað hafi brugðist í sameiningunni. Fólki getur fundist það hér á Ísafirði líka. Fólk getur haft á tilfinningunni að þjónustan sé eitthvað minni. Það getur átt við viss rök að styðjast í einstökum tilvikum. Til dæmis er ekki lengur hreppsskrifstofa og sveitarstjóri á hverjum stað. En það er öll þjónusta á staðnum. Þar er höfn. Þar er áhaldahús. Þar er leikskóli og grunnskóli. Og við hafa bæst almenningsamgöngur sem ekki voru áður.

Ég hef sagt að mesta breytingin sé ekki vegna sameiningarinnar sjálfar, heldur vegna jarðganganna sem opnuðust á sama tíma. Það er sú breyting sem hefur haft mest áhrif.

Mitt álit er að það ætti að sameina í eitt þessi þrjú sveitarfélög sem nú eru á norðanverðum Vestfjörðum. Mín skoðun á því er alveg ljós. Hins vegar finnst mér það vera íbúanna að ákveða það. Ég er ekki hlynntur því að þvinga fram sameiningu. Þó að um slíkt sé nú nokkur umræða á vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga, þá hef ég ekki sannfærst um að það sé rétta leiðin. Ég tel að íbúarnir eigi að ákveða þetta sjálfir.“

– Hefur þú einhverjar vísendingar um að Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurreppur kunni að sameinast á allra næstu árum?

„Nei, ég hef engar vísendingar um slíkt og það hefur nánast ekki verið rætt. Fólk verður bara að taka það upp þegar því finnst rétti tíminn kominn. Sjálfur er ég alinn

upp í mjög fámennu sveitarfélagi og skil tilfinninguna vel. Það er ekki af tilfinninga-ástæðum sem ég er fylgjandi sameiningu. Mér finnst litlu sveitarfélögin flottar einingar! Ég er ekki heldur fylgjandi sameiningu vegna þess að það muni spara svo og svo mikla peninga. Eitthvað sparast við yfirstjórnina en nýir kostnaðarliðir koma þá í staðinn. Ég er fylgjandi sameiningu einfaldlega vegna þess að það er nauðsyn. Það er byggðastefna í reynd. Öflugri eining tekur til sín fleiri verkefni. Fleiri verkefni taka til sín fleira starfsfólk. Verkefni sem nú eru unnin í Reykjavík er hægt að vinna hér hjá okkur ef við erum með öflugri eining. Tölur um hlutdeild sveitarfélaganna í opinberum umsvifum í landinu eru dálítið mismunandi, eða frá um 27% og upp í um 35%. Sveitarfélög í grunnlöndum okkar eru víða með yfir 50%. Ef sveitarfélögin hér tækju til sín verkefni þannig að þau færu yfir 50%, þá mætti gera sér í hugarlund hvað það þyrfti að bæta við mörgum starfsmönnum hjá Ísafjarðarbæ. Þetta er byggðastefna sem virkar.“

– Hvaða þættir og hvaða verkefni kæmu þar helst til álita?

„Það getur verið ótalmargt. Ef við horfum til sveitarfélaga erlendis, þá eru þau sum hver meira að segja með vegagerð í sínum höndum, auk heilsugæslu, lögreglu, málefna fatlaðra og fleira og fleira mætti telja. Yfirtaka sveitarfélaga á verkefnum af þessu tagi myndi þýða, að hluti af þeirri vinnu sem nú er unnin í ráðuneytum og ýmsum stofnunum á höfuðborgarsvæðinu myndi flytjast hingað.“

Meiri völd á leið til sveitarfélaganna?

– Sérðu fyrir þér einhverjar grundvallarbreytingar á íslenski stjórnkerfi og stjórnskipun? Eitthvað sem rétt væri að stokka algerlega upp?

„Ég held að það sé nokkuð sama hverjir verða við stjórnvölin næstu tíu til tuttugu árin – sú viðleitni að fækka verkefnum hjá ríknu og koma þeim yfir á einkaaðila mun halda áfram. Þetta er að gerast allt í kringum okkur. En kannski yrði stærsta uppstokkunin ef við gengjum í Evrópusambandið.“

Því myndu fylgja bæði miklir gallar og miklir kostir. Ég er hreinlega ekki reiðu-búinn að taka afstöðu til þess. Út frá sérvestfirskum hagsmunum gæti það ef til vill borgað sig að ýmsu leyti, þó að ég sé alls ekki sannfærður um það. Á næstunni eru mörg fátæk ríki á leiðinni inn í Evrópusambandið og þau munu taka til sín mjög mikið fé, mun meira en þau munu leggja fram. Af þeirri ástæðu einni gæti verið óhagstætt fyrir Ísland að ganga inn í sambandið. Að ekki sé minnst á fiskveiðilögsöguna og ýmis-

legt fleira.

Innganga Íslands í ESB gæti þannig haft mikil áhrif á stjórnsýsluna í landinu, og svo hitt sem við ræddum áður, ef sveitarfélögin taka til sín meira af verkefnum. Með meiri verkefnum fá sveitarfélögin meiri völd. Það er meira hlustað á þau. Ég er ekkert viss um að fyrir fáeinum árum hefðu fulltrúar ASÍ látið sér detta í hug að heimsækja mörg stærstu sveitarfélög landsins vegna baráttunnar við verðbólgu eins og þeir gerðu núna um daginn. Þeir hefðu látið sér nægja að tala við ríkisstjórnina og Reykjavíkurborg. Nú eru sveitarfélögin hins vegar farin að hafa miklu meira vægi í efnahagskerfi landsins. Við erum farin að skipta þar máli. Með þeim hætti eru völd að færast til okkar. Völd hafa hins vegar líka verið að færast úr pólitíkinni yfir í einkageirann en það er allt önnur saga.“

Stórfyrirtækið Ísafjarðarbær

– Þegar þú talar um bæjar-yfirvöld á Ísafirði, þá segirðu iðulega „við“. Hvað felst í því? Áttu þá við bæjarstjórnina sem heild eða einungis meirihluta bæjarstjórnar eða eitthvað enn annað?

„Mér er tamt að segja „við“ og þá á ég við allan hópinn sem ég starfa með, alla bæjarfulltrúana níu og líka starfsfólkið okkar. Ég lít á okkur sem eina heild sem vinnur að einu marki þegar búið er að taka lýðræðislegar ákvarðanir. Mér hefur líkað mjög vel að vinna með þessu fólki – öllu, bæði í meirihluta og í minnihluta. Auðvitað vinn ég miklu meira með meirihlutunum. Það liggur í hlutarinn eðli. En ég hef kunnað samstarfinu við bæjarstjórnina ákaflega vel og þá ekki síður við starfsfólkið mitt. Ísafjarðarbær hefur á að skipa mjög góðu starfsfólki.“

Ef til vill gerir hinn almenni íbúi sér ekki fulla grein fyrir því hversu mikil starfsemi er á vegum sveitarfélagsins. Ísafjarðarbær er í rauninni stórfyrirtæki. Starfsmennirnir eru rúmlega 400 og við erum að velta nálægt tveimur milljörðum króna á ári. Það skiptir máli hvernig þessu er stjórnað. Og kannski eru margir sem átta sig ekki á því að mjög stór hluti af ráðstöfunartekjum sveitarfélagsins er í rauninni fyrirfram ákveðinn. Það er mikið af bæði lögbundinni þjónustu og annarri þjónustu sem hreinlega verður að veita. Það er ætlast til mjög mikils af Ísafjarðarbæ hvað þetta varðar. Hér er sterk hefð fyrir góðri félagslegri þjónustu. Mér finnst margt hafa tekist vel hjá okkur í þeim efnunum. Þar má til dæmis nefna þá breytingu á skóla- og félagsmálasviði bæjarfélagsins sem gerð var með stofnun Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Þetta finnst mér gott dæmi um vel heppnaða skipulagsbreytingu sem við höfum gert.“

Flokkspólitísk framboð

– Hvað finnst þér um flokkspólitísk framboð?

„Fólk velur þetta einfaldlega sjálft. Fólk velur hvort það vill vera á flokkspólitískum lista eða í einhverju sérframboði. Það vill gleymast að innan hinna pólitísku flokka er hinn almenni bæjarbúi, fólk sem myndar öflugan kjarna sem vinnur vel saman og getur stillt upp góðum lista til að vinna í bæjarmálum. Samt er slíkur listi oft ekki mjög flokkspólitískur, ef svo má segja, enda eru bæjarmálin allt öðruvísi en landsmálin. Það er tæplega hægri eða vinstri afstaða til þess hvort malbika skuli tiltekna götu. Mér finnst ekki vera mikill málefnaágreiningur í bæjarstjórnun almennt. Að minnsta kosti ekki pólitískur ágreiningur. Menn finna sér einhverjar áherslur en þær eru yfirleitt varla flokkspólitískar.“

Hins vegar skil ég ekki að það þurfi að vera neitt slæmt að vera með flokkspólitísk framboð. Þetta eru félög sem fólk gengur í af fúsum og frjálsum vilja. Menn hafa ákveðnar lífsskoðanir og reyna að finna þeim farveg. Ef þeir vilja vera í pólitík, þá velja þeir sér þann pólitíska flokk sem þeir telja helst falla að sínum lífsskoðunum.“

En þegar menn eru að vinna í málefnum sveitarfélagsins, þá eru þeir ekkert alltaf að hugsa um það hvort þeir eru sjálfstæðismenn eða kratar eða hvað það nú heitir. Þeir eru einfaldlega að vinna að hag síns bæjarfélags. Maður heyrir stundum sagt að flokkar í bæjarstjórnun séu hallir undir sína flokka í landsstjórninni. Ég skil ekki hvar það kemur fram að þeir séu að fylgja eftir hagsmunum sinna flokka á landsvísu, hvaða hagsmunir eru það? Fólk sem situr í bæjarstjórn, alveg sama í hvaða stjórnmálaflokki það kann að vera, það er allt að vinna með hagsmunum sveitarfélagsins og íbúa þess í huga. Ég hef aldrei orðið var við annað.“

– Jafnvel að fólk hugsi ekki einu sinni út í það á bæjarstjórnarfundum í hvaða stjórnmálaflokki það er?

„Ég held að fólk sé bara alls ekki að hugsa um slíkt. Það er að hugsa um þau mál-efni sem við er að fást. Bæjarfulltrúar muna að vísu hvort þeir eru í meirihluta eða minnihluta! Flest mál eru þannig að um þau er samstaða, alveg sama hvort það er í þessu sveitarfélagi eða öðrum. Hins vegar hefur minnihlutinn hér í Ísafjarðarbæ starfað fullkomlega í samræmi við sitt hlutverk. Ef fólk fylgist með bæjarstjórnarfundum og les fundargerðir, þá kemur í ljós málefnalegur ágreiningur um ýmis mál. Minnihlutinn hér hefur fylgt eftir sinni sannfæringu, rétt eins og meirihlutinn. Mér hefur fundist þetta koma ágætlega út.“

– Skiptir hlutverk minni-

hlutans í rauninni einhverju máli?

„Já, að mínu áliti gegnir hann mikilvægu hlutverki. Stundum hefur verið sagt að óskabæjarstjórnin sé þannig að þar séu allir í meirihluta. Í einhverjum tilvikum má vera að ekkert sé að slíku. En minnihlutinn er í því hlutverki að veita aðhald. Það hlutverk tel ég mikilvægt. Það skerpir línurnar. Og það hefur minnihlutinn hér vissulega gert.“

Mikilvægt að halda stöðugleika

– Nú liður senn að kosningum. Býstu við því að störf-in í bæjarmálunum breytist á næstunni vegna yfirvofandi kosninga? Hefur undirbúningur kosninganna einhver áhrif á dagleg störf á bæjar-skrifstofunum?

„Auðvitað mun maður halda sig við sitt starf og vinna eins og endranær að þeim málum sem við er að fást. Og vildi vissulega hafa meiri tíma til að vinna að enn fleiri málum. Þetta er endalaus vinna. En áreiðanlega mun undirbúningur kosninganna smita hingað inn. Kosningaskjalftinn mun örugglega hafa einhver áhrif hér á bæjar-skrifstofunum. Fólk er farið að ræða þessi mál. Ég hef hins vegar ekki reynslu af þessu sjálfur. Ég hef ekki áður verið í starfi bæjarstjóra í aðdraganda kosninga. Mestu skiptir að við vinnum okkar vinnu út kjörtímabilið og skilum vel af okkur. Sem ég veit að við munum gera. Það eru svo kjósendur hér í bæ sem ákveða hverjir eiga að taka við.“

– Viltu spá einhverju um skipan næstu bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ?

„Ef lítið er til baka síðasta áratuginn eða svo hér á Ísafirði, þá blasir við nokkurt rótleysi í stjórn bæjarmála. Á miðju síðasta kjörtímabili voru aukakosningar vegna sameiningar sveitarfélaganna. Hér hafa verið nokkrir ólíkir meirihlutar í bæjarstjórn á þessum tíma. Frá 1991 hafa verið hér jafnmargir bæjarstjórar og hafa verið frá 1939 í vinabæ okkar Joensuu í Finnlandi. Á þessum tíma hafa bæjarstjórar hér verið Haraldur Línaldsson, Smári Haraldsson og Kristján Þór Júlíusson, síðan þeir Kristinn Jón Jónsson og Jónas Ólafsson, sem gegndu starfinu saman í rúmlega hálf ár, og svo ég. Mér finnst að hér sé búið að prófa ýmislegt á fremur skömmum tíma og mikilvægt sé að halda stöðugleika í stjórnun.“

Án þess að ég vilji spá hvað kjósendur muni gera – það eru sem betur fer þeir sem ákveða þetta – þá vildi ég sjá hér stöðugleika áfram. Ég tel að sú bæjarstjórn sem nú situr hafi einmitt borið með sér stöðugleika. Hún hefur ekki verið með upphrópanir á torgum og hefur ekki verið mikið að skylmast opinberlega. Hún hefur verið að skylmast hér á fundum, þar sem málefnalega

hefur verið tekist á. Við höfum stýrt málum með stöðugleika að leiðarljósi, byggt upp í bæjarfélaginu og notað kraftana til að vinna okkar vinnu af samviskusemi. Það finnst mér mikilvægt. Auðvitað er ég hlutdrægur, en ég vildi gjarnan sjá svipað mynstur áfram.“

Áfram í bæjarstjórnunum?

– Ef meirihluti bæjarstjórnar yrði skipaður með einhverjum allt öðrum hætti eftir kosningar – gætirðu þá alveg eins hugsað þér að vera áfram bæjarstjóri?

„Margir starfsbræður mínir hafa gert slíkt. Ýmsir sem hafa verið lengi í starfi hafa unnið með margvíslega samsettum meirihlutum. Ég myndi skoða hvaða einstaklingar ættu þar í hlut, eins og svo mjög er jafnan lítið til í sveitarstjórnarmálum. Ef maður á að fara að vinna með einhverjum, þá er fyrst að skoða hverjir það eru. Er það samstæður hópur? Má ætla að gott sé að vinna með honum? Ég get einfaldlega ekki svarað þessu að svo stöddu. Fyrir síðustu kosningar var ég tilnefndur sem bæjarstjóraefni sjálfstæðismanna. Ég veit ekkert hvort einhverjir aðrir en sjálfstæðismenn og þeirra samstarfsaðili vilja sjá mig sem bæjarstjóra.“

En mér finnst starfið mjög áhugavert. Mér finnst að við höfum verið að ná stöðugt betri fótfestu í samfélagi íslenskra sveitarfélaga. Það er sífellt meira leitað til okkar um ýmis mál, um ýmsar upplýsingar og um að sitja í nefndum.“

Ég hygg að þetta sé meðal annars þeim stöðugleika að þakka sem hér hefur ríkt á kjörtímabilinu í bæjarpólitíkinni. Það færir okkur meiri áhrif og okkur veitir ekki af því. Það eykur möguleika þessa samfélags okkar hér að hafa áhrif á lagasetningar og ýmsar breytingar sem eru að verða. Það er mikilvægt að vera þátttakendur í þessu til að okkar hagsmuna sé gætt í hvívetna. Sveitarfélag þar sem hver höndin er upp á móti annarri hefur ekki neinn aukakraft til þess að gera neitt annað en að berjast innbyrðis.“

En margt tekst ...

– Hvað er erfiðast að fást við í þínum daglegu störfum?

„Að sjálfstöðu koma upp mál einstaklinga sem eiga erfitt. Það fær mjög á mig þegar slys verða og svipleg dauðsföll í okkar litla samfélagi. Slíkt er erfitt fyrir okkur persónulega og fyrir samfélagið. En um leið höfum við í slíkum tilvikum sýnt styrk okkar. Við höfum sýnt hversu samstæð við erum þegar til þarf að taka.“

Annað og af öðru tagi má nefna: Mér hefur fundist erfitt að horfa upp á afdrifaríkar breytingar í atvinnulífinu. Mér hefur fundist við gefa of mikið eftir í undirstöðu atvinnugreinum okkar. Þess má minnast, að Ísafjarðarbær gerði það

sem í hans valdi stóð til að spyrna á móti þegar Básafell var að liðast í sundur. Þá beittum við okkur fyrir því að ná hér saman fyrirtækjum og einstaklingum til að kaupa kvóta og skip eða gera annað til bjargar. Við vorum búnir að ná inn stórum fyrirtækjum á landsvísi til að leggja fram hlutafé ásamt Ísafjarðarbæ. En að endingu strandaði þetta á heimaaðilum. Mér fannst mjög erfitt að taka því að slíkt skyldi gerast og var ósáttur við það.

Sumt í samstarfi sveitarfélaga hefur mér fundist erfitt. Ég var mjög ósáttur við framvindu mála þegar upphaflega stóð til að stofna Eignarhaldsfélag Vestfjarða. Ísafjarðarbær var tilbúinn að leggja fram verulegar fjárhæðir eða allt sitt hlutafé í Básafelli. Ég var mjög ósáttur við að þá skyldu sveitarfélögin hér, sérstaklega nágrannasveitarfélögin, ekki standa með okkur í því, heldur beita sér gegn því, á þeirri forsendu að við værum að taka til okkar svo mikinn hluta af framlagi ríkisins í Eignarhaldsfélagið eða næstum því helming. Niðurstaðan er náttúrlega sú í dag, að sveitarfélögin hafa ekkert lagt inn í þetta og þessi helmingur skiptir engu máli því að hann liggur óbættur hjá ríkinu.

Það eru mál af þessu tagi sem geta verið erfið meðan á þeim stendur. Hins vegar hef ég í reynd mikla ánægju af öllum viðfangsefnum, hvort sem þau eru erfið eða ekki, og ánægjan að loknu verki gefur manni mikið. Sumt tekst alls ekki. En margt tekst. Sem betur fer.“

Nauðsynlegt að vera sanngjarn

Enda þótt Halldór Halldórs-son sé flokksbundinn sjálfstæðismaður virðist hann ekki hafa farið eftir neinum flokkalínum í baráttu sinni fyrir hagsmunum Ísafjarðarbæjar og landsbyggðarinnar yfirleitt. Um það bera vitni fjölmargar greinar og viðtöl í dagblöðum og víðar á liðnum árum. Þar má nefna gagnrýni hans á stjórnvöld fyrir að taka ekki á vanda fiskvinnslufólks og baráttu hans við ríkisvaldið um fjármál sveitarfélaga. Hann hefur gert að umtalsefni að hve miklu leyti Háskóli Íslands sé í raun háskóli Íslands – landsins alls. Umbúðalaus voru þau ummæli hans á opinberum vettvangi, að ríkisvaldið hefði sviðið allt sem hægt hefði verið að svíkja varðandi sameiningu sveitarfélaga. Í DV var á sínum tíma fimm dálka fyrirsögn með eftirfarandi ummælum bæjarstjórnans í Ísafjarðarbæ: Landsbankinn ætti að skammast sín. Og meðan þessar línur rata á blað er bæjarstjórinn að gagnrýna nýja byggðaaætlun svo eftir er tekið.

Halldór segir að það sé reyndar „ekkert auðvelt að ráðast í fjölmiðlum á þetta fólk sem maður þarf svo að vinna með og setjast niður

með daginn eftir til að leysa hin og þessi mál. Þó að það sé nauðsynlegt að gagnrýna, þá er líka nauðsynlegt að vera sanngjarn“, segir hann.

– Nú er aðeins nokkuð á annað ár þar til kosið verður til Alþingis samkvæmt nýrri kjördæmaskipan. Hvað áhrif telurðu að það hafi á stöðu Vestfirðinga þegar Vestfirðir verða ekki lengur sérstakt kjördæmi, heldur einungis útskagi á hinu geysivíðlenda Norðvesturkjördæmi?

Ný kjördæmaskipan

„Ef við hugsum ekki í kjördæmum, þá verður þetta í lagi. Að mínu mati á hin gamla kjördæmahugsun alls ekki við í þessu nýja kjördæmi. Ég hef minnt á það áður í þessu sambandi, að við erum með landshlutasamtök sveitarfélaga í hverju hinna gömlu kjördæma. Okkar landshlutasamtök eru Fjórðungssamband Vestfirðinga. Ég segi það hér enn, að mér finnst að Fjórðungssambandið eigi einmitt núna að kappkosta að undirbúa þessa breytingu og vera þar varðhundur okkar. Við verðum að halda vöku okkar, fyrst og fremst til þess að sú opinbera þjónusta sem við höfum nú verði ekki skert að neinu leyti. Við verðum að halda henni og frekar að bæta þar við.

Mestu skiptir að ekki verði tekinn upp sá hugsunarháttur, hvorki hjá okkur sjálfum né hinu opinbera, að þetta nýja kjördæmi sé einhver ein eining með helstu þætti opinberrar stjórnsýslu á einum stað. Til þess að taka fáránlegt dæmi gætu menn bent á, að stærsta einingin innan þessa risastóra kjördæmis er Akranes og sagt sem svo: Við skulum þá setja alla opinbera stjórnsýslu í kjördæminu á Akranes. Þetta langsótta dæmi sýnir að það á alls ekki að hugsa byggðamálin eftir kjördæmum. Frá okkar sjónarhóli er Akranes nánast á höfuðborgarsvæðinu. Hvað okkur snertir gæti þetta eins verið vesturbærinn í Reykjavík.

Hvað sem þessari nýju kjördæmaskipan líður, þá verðum við að halda áfram að hugsa í smærri einingum. Vegalengdirnar eru miklar og það mun ekki breytast. Ef vel er gætt að þessu, þá hef ég engar áhyggjur. Menn eru að gera þessa breytingu einungis til að jafna atkvæðavægið.

En ég hef svo sem aldrei skilið þetta atkvæðavægis- kjaftæði. Það er verið að segja að einhverju sé misskipt vegna þess að þeir sem búa í Reykjavík hafi ekki nógu mikið atkvæðavægi. En hvað höfum við grætt á þessu atkvæðavægi? Við erum með bráðduglega þingmenn og allt það, en ég sé nú samt ekki betur en völdin séu að mestu leyti samankomin á suðvesturhorninu. Og það er einmitt ein helsta ástæðan fyrir því að ég vil sameiningu sveitarfélaga – til þess að auka völd okkar sem búum utan við þetta eina



landshorn.“

Framtíð Fjórðungssambands Vestfirðinga

– Hver er að þínum dómi staða Fjórðungssambands Vestfirðinga? Um árabíl hafa verið uppi raddir um að rétt sé að leggja það niður. Eða á hinn bóginn að efla það mjög. Hvaða breytingar telur þú ef til vill rétt að gera á sambandinu í ljósi kjördæmabreytingarinnar?

„Ég kom aftur til Vestfjarða einmitt til að starfa við Fjórðungssamband Vestfirðinga. Mitt mat er að þar sé hægt að gera marga góða hluti ef rétt er á haldið. Samkvæmt lögum er sambandið fjármagnað að stærstum hluta af Jöfnunar-sjóði sveitarfélaga, sem leggur fé til landshlutasamtaka um allt land. Sveitarfélög hér vestra hafa vissulega viljað leggja fram meira fé en það

hefur að mestu runnið til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Ég er ekki endilega að segja að það eigi að auka rekstrarfé Fjórðungssambandsins, heldur að sambandið eigi að geta verið til stuðnings við að tryggja ýmsa hagsmuni okkar.

Eins og ég hef margsagt, þá tel ég að Fjórðungssamband Vestfirðinga eigi að vera sérstakur varðhundur okkar í hagsmunagæslu á meðan hið nýja kjördæmi er að verða til. Það getur gerst með ýmsum hætti. Mörg athyglisverð verkefni voru unnin hjá sambandinu á meðan ég starfaði þar. Þar má nefna stofnun Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, samning um hjúkrunarfræðinám hér vestra árið 1998, sem hefur nú undið upp á sig, stofnun Þróunarseturs Vestfjarða og sitthvað fleira. Það er ýmislegt hægt að gera. En ef það er ekkert að gerast og ekkert gert, þá höfum við ekkert með Fjórðungssambandið

að gera. Umræðan um Fjórðungssamband Vestfirðinga og hvort það eigi að vera eða ekki að vera, hún hlýtur náttúrlega að fylgja því hvort þar er eitthvað að gerast eða ekki.“

– Þegar þú lítur til þess tíma þegar þú veittir Fjórðungssambandi Vestfirðinga forstöðu – finnst þér sveitarfélög um alla Vestfirði vera nægilega samstæður hópur til þess að vera undir einum hattí að þessu leyti? Er ekki sitthvað fleira en fjarlægðin sem aðskilur t.d. Ísafjörð og sveitahreppa á Ströndum? Er ekki Bjartur í Sumarhúsum nokkuð ríkur í Vestfirðingum?

„Ég sem er fæddur og uppallinn hérna fyrir vestan verð nú að segja að samstaðan var betri og meiri sátt um ýmis verkefni en ég átti von á. Væntanlega fer það eftir því hvernig á er haldið. Varðandi sveitahreppa á Ströndum, þá er þar fólk sem er mjög gott að vinna með. Að minnsta kosti er það mín reynsla. Og

hvað Bjartur í Sumarhúsum viðkemur: Það er vissulega mikið af einstaklingshyggju-fólki á Vestfirðum – en allir vilja þó berjast fyrir hagsmunum svæðisins eftir bestu getu.

– Þegar rætt er um samþjöppun valds á suðvesturhorni landsins – getur það ekki verið einmitt sú mynd sem fólkið í hinum smærri byggðum sem mynduðu Ísafjarðarbæ við sameiningu sveitarfélaganna gerði sér um samþjöppun valdsins á Ísafirði?

„Það er nú allmiklu styttra á milli byggðarlaganna í Ísafjarðarbæ en milli Vestfjarða og Reykjavíkur. Vissulega skil ég viðhorf fólksins í öðrum byggðum Ísafjarðarbæjar. Ég tel hins vegar að við séum að efla svo margvíslega þjónustu þar að við eigum að geta litið á okkur sem búum í Ísafjarðarbæ sem eina heild. Það er miklu auðveldara en að líta á hið nýja og risavaxna Norðvesturkjördæmi sem eina heild.“

Pólitískur bæjarstjóri?

– Verður þú á framboðslista fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar?

„Ég veit það ekki á þessari stundu.“

– Hverjir eru helstu kostir og gallar fyrir bæjarstjóra að vera í framboði og vera ekki í framboði?

„Oft er stillt upp bæjarstjóraefnum og það var vissulega gert í mínu tilviki hér í Ísafjarðarbæ fyrir síðustu kosningar þó að ég ætti ekki sæti á framboðslista. Áður en ég fluttist vestur var ég í bæjarstjórn fyrir sjálfstæðismenn í Grindavík. Ég hef fylgst með kollegum mínum í starfi bæjarstjóra, bæði pólitískum og ópólitískum, og mér finnst staða þeirra oft mjög svipuð hvort heldur þeir eru. Ég hef eiginlega aldrei vitað almennilega hvað ég er í þessum efnunum, hvort ég á að teljast pólitískur bæjarstjóri eða ekki. Í rauninni hlýtt ég þó að vera það – ég er hins vegar ekki kjörinn fulltrúi.“

Þeir bæjarstjórnar sem eru pólitískt kjörnir af lista eru þá jafnframt pólitískir forystumenn. Ég held að ég átti mig ekki alveg á þeim kostum og göllum sem þessu kunna að fylgja á báða bóga. Ég býst við að það fari í hverju tilviki mjög eftir viðkomandi einstaklingi og þeim sem hann vinnur með. Aðalmálið er auðvitað, að þeir sem kjósendur velja til að vinna fyrir sig og stjórna sveitarfélaginu, þeir geri það vel. Ég velti því ekki fyrir mér hvort ég fæ starfið sem pólitískt kjörinn af lista eða með öðrum hætti. Menn verða alltaf dæmdir af verkum sínum og það er megínatriðið. Það er einmitt verkefni kjósenda nú í vor að dæma menn af verkum sínum og gera sér grein fyrir framtíðarsýn þeirra sem þeir eru að dæma.

Alveg óháð því hvort ég verð á lista eða utan lista, þá

hef ég mikinn áhuga á því að vinna áfram að þessum málum. Jafnframt óska ég þess að verða dæmdur af verkum mínum. Hvort sá dómur kann að vera réttlátur eða óréttlátur að mínu áliti, það er svo annað mál. Það er kjósenda að skera úr um það. Sem betur fer, því að enginn annar getur gert það betur.“

– Réttlátur dómur eða óréttlátur – óttastu þann dóm?

„Nei, ég óttast hann ekki. Allir sem telja sig mannlega vita að þeir gera mikið af mistökum. En þeir sem vinna af heilum hug og stefna að því að sinna vel því sem þeim er falið – ef þeir gera það eins vel og þeir sjálfir telja sig hafa getað og eru sjálfir sáttir við það sem þeir hafa gert, þá eiga þeir ekki að þurfa að óttast neina dóma. Þetta hljómar kannski dálítið klisjukennt en svona er það bara. Menn eiga óhikað að leggja verk sín í dóm kjósenda.“

Hins vegar geta kjósendur svo haft einhver allt önnur viðhorf. Þeir geta einfaldlega viljað breyta til. Þeir geta sagt: Þó að ykkur finnst þið hafa verið að gera vel, þá finnst okkur það ekki. Og svo framvegis. En mér finnst nú ansi oft hafa verið breytt hérna til á liðnum árum og ýmis mynstur verið hér í stjórn bæjarfélagsins. Ég vildi gjarnan sjá tíma stöðugleika runninn upp.“

Tækifærin eru mörg

– Nú verða kosningar til Alþingis eftir rúm ár og aftur eftir rúm fimm ár í síðasta lagi. Hefur þú hugsað til þingmennsku?

„Nei. Það hefur ekki hvarflað að mér.“

– Langar þig ekki á þing?

„Ekkert sérstaklega! Frómt frá sagt, þá hefur það ekki hvarflað að mér. Ég er opin fyrir mörgu. Það er fullt af öðrum störfum sem ég gæti hugsað mér að fást við, í stað þess að vera bæjarstjóri eða

að fara á þing. Það er alveg víst að margt annað kæmi upp í huga mér frekar en þingmennska. Það eru svo mörg tækifæri í lífinu og maður kemst aldrei yfir að prófa þau öll eða nýta þau öll.“

– Er gaman að vera á fundum og ráðstefnum?

„Stundum. Ég verð nú að viðurkenna að ég sækji ekki mjög mikið af slíku. Mér finnst hins vegar mikilvægt að sækja hinar sameiginlegu ráðstefnur sveitarstjórnarmanna, eins og fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. En þegar þess er óskað hef ég reynt að verða við því eins og ég hef getað að mæta á fundi sem fulltrúi Ísafjarðarbæjar og vera með framsögu og slíkt. Mér finnst mikilvægt að rödd okkar heyrist sem víðast. Mér finnst sómi að því að kynna Ísafjarðarbæ og það sem við erum að gera og sýna öðrum hversu margt gott er gert hér. En ég hef setið fundi þar sem mér hefur leiðst afskaplega mikið og hugsað með mér, að tímanum væri betur varið í að gera eitthvað annað.“

Mikið leitað til bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar

– Þú hefur meðal annars sótt hina árlegu fundi Hafnasambands sveitarfélaga. Þetta eru gamalfrægar samkomur en hafa breyst eitthvað á síðari árum, ef rétt er skilið.

„Já, ég hef þrisvar setið þessa fundi. Mér er sagt að þeir hafi breyst og menn hafi hér áður verið ívið glaðari eftir fundahöldin. Sagt er að þetta hafi breyst vegna þess að nú séu svo margar konur komnar í hafnarstjórnir. Ég veit ekkert hvað er orsök og hvað er afleiðing í þessum efnunum. Hafnasambandsþingin sem ég hef setið hafa einkennst af mjög mikilli vinnusemi. Þau eru einmitt dæmi um samkomur sem mér finnast vel heppnaðar og séu að skila einhverju.“



– Er það rétt að um þessar mundir sé hlutfallslega meira leitað til bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ varðandi framsögu og fundum á landsvísu en ýmissa starfsbræðra hans?

„Ég skal ekki segja, ég hef ekki tekið það neitt saman. En, sem betur fer, leyfi ég mér að segja, þá er töluvert leitað til mín til þess að ræða um ýmis sveitarstjórnarmál. Þessar vikurnar hef ég til dæmis verið beðinn að halda framsögu bæði í Reykjavík um félagsþjónustu sveitarfélaga og á Akureyri um umhverfismál. Ég á sæti í nefnd félagsmálaráðherra um félagslegar íbúðir, þannig að töluvert er leitað til mín í tengslum við þau mál. Þá eru það ekki síst kollugar mínir víðs vegar um landið sem leita til mín beint til að spyrjast fyrir og fylgjast með.“

Fólkið er tillitssamt

– Nú er bæjarstjórnastarfið vantanlega sólarhringsstarf, eins og það er kallað. Áttu

nokkurn tímann frí?

„Já, ég á vissulega mín frí. Ég reyni eftir fremsta megni að sinna eins fljótt og ég get beiðnum um símhringingar eða að taka á móti fólki í viðtöl. Ég reyni að verða við því helst strax eða þá daginn eftir. Mér finnst fólk hér vera mjög tillitssamt. Auðvitað kemur það fyrir að hringt er heim til mín, enda er númerið mitt í símaskránni. En þá er fólk yfirleitt mjög kurteist og hefur líka áriðandi erindi fram að færa. Ég get sannarlega ekki kvartað undan því.“

Vinnutíminn er að sjálf-sögðu langur. En það er allt í lagi í skemmtilegri vinnu. Ég reyni líka að stýra tíma mínum þannig að ég sé ekki alltaf í vinnunni og geti átt mér tómfyrir eitthvað annað. Þannig á maður líka að vera hæfari til að takast á við dagleg störf. Mér finnst gaman að fara á skíði. Reyndar hefur ekki farið mikið fyrir því í vetur af skiljanlegum ástæðum. Ég hef gaman af vélsleðaferðum og fer með félögum mínum um fjöll og firnindi þegar það er

hægt um helgar þegar líður á veturinn, norður á Strandir og á Jökul.

Á sumrin er lögd áhersla á bústaðinn okkar í Ögri og fólkið mitt þar. Við eigum bát á móti fleirum og förum á honum um Djúp og Jökulfirði og Hornstrandir. Það eru alger forréttindi að eiga kost á öllu þessu, að búa hérna fyrir vestan við alla þessa aðstöðu sem náttúran býður manni að nýta sér. Fyrir mig er þetta orkulind sem ég eys úr.“

– Ef þú ættir kost á stóla-skiptum við einhvern starfsbróður þinn á suðvesturhorninu – heldurðu að þú vildir skipta?

„Ef mér stæði á sama tíma til boða starf bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og starf bæjarstjóra á einhverjum öðrum stað, þá myndi ég hiklaust velja starfið hér. Hér vil ég eiga heima. Hér á ég allt mitt. Hér höfum við fjölskyldan verið síðustu sex árin og kunn-um ákaflega vel við okkur.“

Þessu er fljótsvarað: Hér vil ég helst eiga heima.“

– Hlynur Þór Magnússon.

Allir sem einn?

Ólíkt hafast menn að. Það hefur vakið óskipta athygli margra hve ýmsir forstöðumenn opinberra stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins hafa gerst djarfir við þá iðju að skammta sjálfum sér lífsgæði úr sjóðum íslenska ríkisins og hlutafélaga í ríkiseign. Einhvern tíma hefði þessi háttsemi verið nefnd sínu rétta nafni og talin vera spilling af verstu tegund. Um nokkurt skeið virtist sem forsætisráðherra myndi láta duga að senda Guðmundi Magnússyni allt að því vingjarnlegt ávitunarbref. Á mánudaginn tók Davíð Odsson af skarið og leysti forstöðumann Þjóðmenningarhúss frá störfum tímabundið. Þá hafði ríkissaksóknari þegar óskað eftir því við Ríkisendurskoðun að fá gögn máls þessa sama forstöðumanns til skoðunar svo hægt væri að meta hvort fyrirskipa skyldi lögreglurannsókn.

Þjóðin hafði þegar fengið sig fullsadda eftir fréttir af starfslokasamningi Þórarins V. Þórarinssonar forstjóra Landsímans, sem ekki þótti lengur nothæfur í því starfi. Leysa þurfti þennan fyrrverandi forstjóra frá störfum með greiðslu er nemur nærri fjórum tugum milljóna fyrir störf sem einskis voru metin eftir tveggja ára viðveru. Forstjóri sama fyrirtækis þáði bæði laun stjórnarformanns og var að auki verktaki hjá Landsímanum á sama tíma, en að vísu án vitundar stjórnar félagsins. Með honum sátu stjórnarfundir aðrir stjórnarmenn sem lýst hafa því að þeir hafi ekki haft hugmynd um hvað félagi þeirra og formaður aðhafði.

Hið athyglisverða er að þegar þessi mál eru öll skoðuð virðist engu skipta þótt viðkomandi stjórum og forstöðumönnum séu greidd há laun. Eins og í ljós kom

í tilfalli forstjóra Landsímans þá sótti hann sér bæði tré og símatengingar að sum-
arbústað sínum við Þingvallavatn. Að auki útvegaði félagið honum bíl og rak hann forstjóranum að kostnaðarlausu. Það er kannski ekki að undra að formaður stjórnar hafi talið sig vanhaldinn. Þó verður framtak forstjóra Þjóðmenningarhúss og Þjóðskjalavardar að teljast snöggtum frumlegra. Ekki verður betur séð en þeir hafi dottið niður á þann kost að selja stofnun hins þjónustu sína sem sérfræðingar á viðeigandi taxa. Sá fyrrnefndi var þó enn frumlegri og réð konu sína í vinnu. Af fréttum er helst að skilja að heilsufari hennar hafi verið um að kenna að henni hafi ekki verið kleift að sinna starfi sínu sem skyldi.

Hvers mega Vestfirðingar sín í þessum efnunum? Engan þarf að undra að stjórnsýslunefndir hér vestra reyni að sinna starfsmönnum er undir þær heyrna, svo sem BB fjallaði um á liðnu hausti. Fróðlegt verður að sjá hvort reglur gilda til dæmis um starfskjör þeirra er þiggja laun samkvæmt úrskurði Kjaranefndar, er oft hefur borið á góma í ofan nefndu máli. Er starfsmönnum heimilt að taka sér meira sjálfum? Hafa stjórnsýslunefndir sem fjalla um málefni stofnana sinna vald til þess að bæta kjör þeirra, til dæmis varðandi húsnæði og önnur hlunnindi? Gildir kannski reglan allir sem einn? Hver er ábyrgð stjórna og nefnda ríkisins? Svör við þessum spurningum verða að fást. Ella hljóta öll rauð strik að vera að baki hjá hinum almenna launþega.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Netspurningin

Spurt var:

Ætla þú að taka þátt í Skíðavíku Ísfirðinga í ár?

Alls svörðu 578.
Já sögðu 333 eða 57,61%
Nei sögðu 199 eða 34,43%
Veit ekki sögðu 46 eða 7,96%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Páll Rósinkrans á tónleikunum í Ísafjarðarkirkju á sunnudagskvöld.



Óskar Einarsson undirleikari Páls.

Húsfyllir á tónleikum Páls Rósinkrans

Húsfyllir var á tónleikum Páls Rósinkrans í Ísafjarðarkirkju á sunnudagskvöld. Tónleikarnir þóttu heppnast vel á allan hátt og var Páll klappaður upp þrisvar sinnum í lokin af ánægðum tónleikagæstum sem sættu sig ekki við að söngnum yrði hætt. Páll lék á alls oddi á tónleikunum, söng lög eftir þekktu tónlistarmenn á borð við Leonard Cohen,

Eric Clapton og Elton John við undirleik Óskars Einarssonar og sagði sögur af fyrri heimsóknum sínum til Ísafjarðar. Mikil fagnaðarlæti brutust út í kirkjunni um miðbik tónleikanna þegar Páll flutti tilkynningu frá Guðjóni Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra KFÍ, um að hann hygðist halda áfram störfum fyrir félagið, en sögusagnir hafa ver-

ð á kreiki undanfarið um væntanlegt brotthvarf

Guðjóns frá KFÍ. Eftir tónleikana áritaði Páll

Rósinkrans geisladiska og myndir fyrir tónleikagæsti

sem héldu ánægðir heim eftir góða kvöldstund.



Frá sýningunni á laugardagskvöld. F.v. Viðar Örn Sveinbjörnsson, Finnur Magnússon (sr. Baldur í Vatnsfirði) og Friðrik Stefánsson.

Hótel Ísafjörður

Leikgerð af „þjóðsögum“ Gísla Hjartar

Leikgerð á nokkrum af bestu „þjóðsögum“ Gísla Hjartarsonar var frumsýnd á Hótel Ísafirði á laugardagskvöld. Það er Elvar Logi Hannesson, leikstjórinn góðkunnur frá Bíldudal, sem hefur útbúið úrval sagna úr ritröð Gísla „101 ný vestfirsk þjóðsaga“ fyrir leiksvið undir nafninu „Tólf nýjar vestfirskar þjóðsögur og ein gömul“.

Sýningin er hin besta skemmtun og tekst leikurum vel að túlka hina ýmsu einstaklinga sem koma við sögu. Leikendur í sýningunni eru þeir Finnur Magnússon, Friðrik Stefánsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Unnar Þór Reynisson og Viðar Örn Sveinbjörnsson. Elvar Logi leikstjórinn verkinu.

SKG-Veitingar bjóða upp á tilboðsrétti fyrir sýningu á kr.



Viðar Örn Sveinbjörnsson og Unnar Þór Reynisson í hlutverkum sínum.

3.500. Ef aðeins er farið á sýninguna er gjaldið kr. 1.500. Næstu sýningar eru 8. og 9. mars og 22. og 23. mars.

Heimilis dagar

10-40% afsláttur

Kúpull

Mínamar loftljós, hvítt

Verð áður 1.899 kr.

Verð nú **995 kr.**

JOTA PROFF

Innanhússmáling 10 ltr. gljástig 07

Verð áður 6.990 kr.

Verð nú **4.990 kr.**

FLÍSAR

Glermósaflísa Flísa, 3,8 x 3,8 cm

Verð áður frá 4.990 kr./fm

Verð nú frá **2.350 kr./fm**

PARKET

Verð frá **3.250 kr./fm**

BLÖNDUNARTÆKI

Verð áður 14.799 kr.

Verð nú **16.990 kr.**

Hússmiðjan hjólar þér að koma áfram smíðunum í lag á heimilinu og búa einn betur um heimilið. Við bjóðum frábæran **afslátt** af vörum vörum og óvæla þjónustu. Taktu þig ná til - það margþingir sig á Heimilisdagum Hússmiðjunnar.



HÚSSMÍDJAN

Verðun Mjallargötu 1 • Sími 466 4661
Tímbernala Árnagötu 1 • Sími 466 4666

helgargardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Hæg breytileg átt og bjart veður austantil, en gengur í vestlæga átt, 10-15 m/s með snjókomu vestan til síðdegis. Talsvert frost.

Horfur á föstudag:
Norðan 10-15 m/s og el norðan- og austanlands, en lægir og stytir upp að deginum. Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt og skýjað sunnan- og vestanlands.

Horfur á laugardag:
Suðvestanátt og slydda eða rigning, einkum vestanlands. Víða frostlaust.

Horfur á sunnudag:
Suðvestanátt og el vestanlands, en bjart austantil. Kólnandi veður.

Horfur á mánudag:
Norðlæg eða breytileg átt.



SJÓNVARPIÐ
Föstudagur 1. mars

10.50 EM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá Evrópumótinu í frjálsum íþróttum innanhúss í Vínarborg. Meðal keppnisgreina í dag eru sjöþraut karla og undankeppni í stangarstökki kvenna.

17.05 Leiðarljós
17.50 Tákn málsfréttir
18.05 Stubbarnir (80:90)
18.35 Nornin unga (18:24)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Gettu betur. Spurningakeppni framhaldsskólanna. Menntaskólinn við Hamrahlíð og Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Sauðárkróki keppa. Þátturinn var tekinn upp á Sauðárkróki.

21.15 Í dagrenningu. (*By Dawn's Early Light*) Kvikmynd frá 2000 um sextán ára stráak sem heimsækir afa sinn í Colorado og kynnist þar lífi kúrekanna. *Aðalhlutverk: Richard Crenna, David Carradine, Stella Stevens og Chris Olivero.*

23.00 Handagangur í öskjunni. (*Picking Up the Pieces*) Bandarísk gamanmynd frá 2000. Kjötkaupmaður í smábæ í Nýju-Mexíkó myndir konu sína og býtur hana niður. Hann tynir annari hendi hennar sem upp frá því virðist geta gert kraftaverk. *Meðal leikenda eru Woody Allen, Angélica Aragón, Alfonso Arau, Kiefer Sutherland, Sharon Stone, David Schwimmer og Maria Grazia Cucinotta.*

00.35 EM í frjálsum íþróttum. Sýndir verða valdir kaflar frá keppni dagsins á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum innanhúss í Vínarborg.

01.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Melbourne í Ástralíu. Endursýnt kl. 10.20 á laugardag.

03.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlök
Laugardagur 2. mars

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.02 Stubbarnir (82:90)
09.30 Bubbi byggir (23:26)
09.45 Litlu skrímslin (34:52)
09.50 Gulla grallari (21:26)

10.20 Formúla 1. Endursýnd tímataka fyrir kappaksturinn í Melbourne frá því í nótt.

11.40 EM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá Evrópumótinu í frjálsum íþróttum innanhúss í Vínarborg. Meðal keppnisgreina í dag eru sjöþraut karla.

13.40 Markaregn
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.

16.20 EM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá Evrópumótinu í frjálsum íþróttum innanhúss í Vínarborg. Sýnt er frá sjöþraut karla og úrslitum í tíu greinum.

18.00 Tákn málsfréttir
18.05 Forskot (2:40)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Fjórði hver brotnar. Í þættinum fer fram lands söfnun til styrktar Geðhjálp. Fjöldi góðra gesta kemur í heimsókn og boðið verður upp á fjölréttá tónlistarveislu en allir sem koma fram í þættinum gefa vinnu sína í þágu söfnunarinnar.

22.05 Í dulargervi. (*Face Off*) Bandarísk spennumynd frá 1997. Lögreglu- maður bregður sér í gervi hryðjuverkamanns sem talinn er látinn við rannsókn efnavopnamáls í Los Angeles en ýmislegt kemur honum á óvart. *Aðalhlutverk: John Travolta og Nicolas Cage.*

00.20 Í grenndinni. (*Her in Nærheden*) Ný dönsk verðlaunamynd um móður sem lifir einangruðu lífi vegna einhverfs sonar. Nótt eina kemur hann ekki heim fyrir miðnætti og stúlka finnst myrt næsta dag í nágrenni við heimili þeirra. e. *Aðalhlutverk: Frits Helmuth, Ghita Nørby og Henning Moritzen.*

02.15 Formúla 1 - Upphitun. Sýnt er frá upphitun fyrir kappaksturinn í Melbourne.

02.50 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í Melbourne.

05.10 Útvarpsfréttir og dagskrárlök
Sunnudagur 3. mars

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.02 Disneystundin
10.00 Babar (35:65)
10.30 Formúla 1. Kappaksturinn í Melbourne í nótt endursýndur.

12.50 EM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá Evrópumótinu í frjálsum íþróttum innanhúss í Vínarborg. Sýnt er frá úrslitum í stangarstökki kvenna og þrettán öðrum greinum.

16.00 Nýjasta tækni og vísindi
16.15 Markaregn

17.00 Geimferðin (11:26)
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 Stundin okkar
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Í gördum Ósiris (3:4)
20.55 Sönn íslensk sakamál. Ný sýrpa úr hinni vinsælu þáttaröð þar sem farið er ofan í saumana á íslenskum sakamálum.

21.30 Helgarsportíð
21.55 Draumafangarinn. (*The Dream Catcher*) Bandarísk bíómynd sem hlaut áhorfendaverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Los Angeles 1999. Í myndinni segir frá tveimur heimilislausum unglíngum sem hittast fyrir tilviljun, fara á flakk og lenda í háskalegum ávintýrum. *Aðalhlutverk: Maurice Compte, Paddy Connor og Jeanne Heaton.*

23.30 Kastljósið
23.55 Útvarpsfréttir og dagskrárlök



Föstudagur 1. mars

06.58 Ísland í bitíð
09.00 Glæstar vonir
09.20 Í finu formi
09.35 Oprah Winfrey (e)
10.20 Ísland í bitíð
12.00 Nágrannar
12.30 Í finu formi
12.45 Dharma og Greg (10:24) (e)
13.10 Á hrakhólum í Beverly Hills
14.40 Andrea (e)
15.05 NBA-tilþríf
15.35 Simpson-fjölskyldan (4:21) (e)
16.00 Barnatími Stöðvar 2 (1:26) (e)
18.05 Vinir (5:24) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Simpson-fjölskyldan (17:21)
20.00 Flækingshundur. (*A Dog of Flanders*) Heillandi fjölskyldu mynd um strákinn Nello. Hann elst upp hjá afa sinu sem býr við þróngan kost. Þrátt fyrir það taka þeir til sín flækingshund sem verður góður félagi þeirra. Málariinn Michel kemur líka við sögu en hann sér fljótt að Nello býr yfir miklum hæfileikum. Strákurinn þráir að feta sig áfram á listabrautinni en aðstæðurnar eru honum mjög í óhag. *Aðalhlutverk: Jeremy James Kissner, Jack Warden, Jon Voight, Jesse James.*

21.40 Illur ásetningur. (*Cruel Intentions*) Stjúpsystkinin Kathryn og Phillippe veðja um hvort Phillippe náð að senga með hinni óspjölluðu Annette. Ef Phillippe tekst ætunarverk sitt fær hann þá stúlkuna sem hann þráir mest sem er engin önnur en stjúpsystir hans Kathryn. *Aðalhlutverk: Sarah Michelle Gellar, Ryan Phillippe.*

23.15 Á hrakhólum í Beverly Hills. (*The Slums of Beverly Hills*) Unglingsárinn hafa reynst mörgum ofraun og Vivian fer ekki varhluta af því. En það eru ekki aðeins hefðbundin unglingsvandamál sem hrjá Vivian heldur þarf hún einnig að fylgjast vel með frænku sinni sem er nýslöppin af héli. *Aðalhlutverk: Alan Arkin, Marisa Tomei, Natasha Lyonne.*

00.45 Handan Ozona. (*Outside Ozona*) Fjöldamorðingi situr um vegfarendur þjóðvega milli Nýja-Mexíkós og Texas. Við kynnumst fólki í mismunandi erindagjörðum sem gæti orðið næstu fórnarlömb hans. *Aðalhlutverk: Sheryllyn Fenn, Robert Forster, Kevin Pollak.*

02.20 Ísland í dag
02.45 Tónlistarmyndbönd
Laugardagur 2. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2
10.35 Kettir dansa ekki
11.50 Glæstar vonir
13.30 60 mínútur (e)
14.15 Alltaf í boltanum
14.45 Enski boltinn. Bein útsending.
17.05 Best í bitíð
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag
19.30 Dharma og Greg (24:24)
20.00 Vinir (6:24)
20.30 Stundargaman. (*Just a Little Harmless Sex*) Alan hefur ætíð haldið tryggð við konu sína en svo fer hann heldur betur út af sporinu og kemst að því að samskipti kynjanna geta verið talsvert flókin. *Aðalhlutverk: Lauren Hutton, Alison Eastwood, Rachel Hunter.*

22.05 Ofurmennin. (*X-Men*) Hörkugóð mynd um það sem kann að gerast í nánustu framtíð. Útvaldi fólk fær tiltekna hæfileika með aðstoð læknávisindanna. Hér er telt á tæpasta vað en hvað gerist þegar eitthvað fer úrskeiðis? *Aðalhlutverk: Patrick Stewart, Hugh Jackman, Ian McKellen, Famke Janssen.*



Sprengjusmiðurinn

Sprengjusmiður, eða The Bomberman, er hörkuspennandi framhaldsmynd frá árinu 2001 sem Stöð 2 sýnir mánudaginn 4. mars kl. 21:00. Andrea Hayes er fyrrverandi sprengjusérfræðingur Írsla lýðveldishersins. Fyrir áratug létust fjögur skólaborð fyrir hennar tilverknað og þá sneri Andrea baki við IRA. Nú upplifir hún sína verstu martröð þegar dóttir hennar er rænt. Mannræningjarnir hóta öllu illu og neyða Andreu til að búa til öfluga sprengju sem er ætlað að valda miklum skaða í miðborg Lundúna. Aðalhlutverkíð leikur Dervla Kirwan.

23.50 Allt á floti. (*Hard Rain*) Í versta óveðri í manna minnum stendur aðeins einn vörður á milli fimm manna og þriggja milljóna dala. Íbúar smábæjarins Hundingburg neyðast til að yfirgefa heimili sín vegna gifurlegra flóða. Þeir gera sér vel grein fyrir þjöfnuðum sem oft fylgja aðstöðum sem þessum og reyna því eftir bestu getu að koma í veg fyrir slíkt, þrátt fyrir barna fógetans. Það sem færri vita er að hópur manna hyggst ræna brynvarðan bíl sem í eru þrjár milljónir dala frá bönkum á svæðinu. *Aðalhlutverk: Christian Slater, Morgan Freeman, Randy Quaid.*

01.25 Týnd í geimnum. (*Lost in Space*) Robinson-fjölskyldan er send út í geim til þess að undirbúa ný heimkynni fyrir mannkynið sem er að fylla móður Jörd. Hin illi dr. Smith hyggst gera sitt besta til þess að fjölskyldunni takist ekki ætunarverk sitt. *Aðalhlutverk: William Hurt, Gary Oldman, Matt LeBlanc.*

03.35 Tónlistarmyndbönd
Sunnudagur 3. mars

08.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Nágrannar
13.50 Ást á nýrri öld (1:6) (e)
14.15 60 Minutes II (e)
15.00 Kryddþjurnar
16.25 Simpson-fjölskyldan (13:21)
16.50 Andrea (e)
17.15 Sjálfstætt fólk (e)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Viltu vinna milljón?
20.25 Blæðrabönd (10:10) (*Band of Brothers*) Liðsmenn Easy-undirfylkisins koma í bæinn Berchtesgaden í Bæjarlandi þar sem helstu foringjar Þriðja ríkisins bjuggu og ná á sitt vald Arnarheiðrinu, fjallavirki Adolfs Hitlers. Nú standa þeir frammi fyrir því að vera sendir til átakasvæða í Kyrrahafinu og þera saman þækur sínar til að sjá hver þeirra hafði óðlast nægan fjölda stiga til þess að komast heim.

21.30 60 mínútur
22.20 Cotton Mary. Dramatísk kvikmynd sem gerist á Indlandi rétt eftir miðja síðustu öld. Lily Macintosh færðir veikburða stúlkubarn. Sjálf er hún ófær um að annast barnið og barnsfaðirinn er hvergi nærri. Cotton Mary kemur þá til sögunnar og tekur að sér móðurhlutverkíð. Hún er af lægri þjóðfélagsstétt en Lily og það veldur ófyrirsæðri togstreitu. *Aðalhlutverk: Greta Scacchi, Madhur Jaffrey, James Wilby*

00.25 Moríð á Lincoln. (*The Day Lincoln Was Shot*) Lance Henriksen, aðalleikari hinna dulmögnuðu þátta Millenium, er hér í hlutverki Abrahams Lincolns forseta Bandaríkjanna. Rob Morrow (Northern Exposure) leikur John Wilkes Booth sem réð Lincoln af dögum. Dramatísk mynd um moríð á einum ástsælsta forseta Bandaríkjanna. *Aðalhlutverk: Rob Morrow, Lance Henriksen, Donna Murphy.*

01.55 Tónlistarmyndbönd
www.bb.is



Föstudagur 1. mars

17.40 Heklusport
18.10 Íþróttir um allan heim
19.05 Alltaf í boltanum
19.35 Enski boltinn - 2. deild. Bein útsending frá leik *Stoke City og Brighton.*

21.45 Hímir heimilislausu. (*Saint of Fort Washington*) Bandarísk bíómynd um óbilandi vináttu tveggja heimilislausra manna í Los Angeles. Það verða engir fagnadarfundir þegar þær hittast og líkt og móðirin vill systirin ekkert hafa með Jake að gera. Marci, nágrannakona Darlene, vorkennir Jake og leyfir henni að gista. Bjargvætturinn rekur vafasama nuddstofu og starfíð þar vekur áhuga hjá Jake sem vill ólm fá að spreyta sig. *Aðalhlutverk: Sandra Bernhard, Kristy Swanson, Tara Subkoff.*

00.25 Járnkrossinn. (*Cross of Iron*) Söguvið myndarinnar er seinni heimsstyrjöldin árið 1943. Innrás Þjóðverja í

Rússland hefur fjarð út og þýskir hermenn eru á hröðu undanhaldi. Baráttuandinn hjá mönnum Hitlers er í lágmarki og herforingjarnir eiga vandasamt verk fyrir höndum. Einn þessara manna er Steiner undirforingi sem tilbúinn er að ganga ansi langt fyrir föðurlandið. Maltin gefur þrjár stjörnur. *Aðalhlutverk: James Coburn, Maximilian Schell, James Mason, David Warner, Senta Berger.*

03.05 Dagskrárlök og skjáleikur
Laugardagur 2. mars

17.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Newcastle United og Arsenal.*

19.30 Lottó
19.35 Hálendingurinn (7:22)
20.25 MAD-rásin. Geggjaður grínþáttur þar sem allir fá það óþvegið. Heiti þáttarins dregur nafn sitt af samnefndu skopmynddablaði sem notið hefur mikilla vinsælda.

21.10 Lífsins gangur. (*Plan B*) Kvikmynd á léttum nótum um nokkra vini í Los Angeles sem eiga í mesta basli með að láta drauma sína rætast. Rithöfundurinn Stuart reynir árangurslaust að fá verk sína gefin út, leikarinn Ricky bíður eftir aðalhlutverkinu, hjónin Clare og Jack eru enn barnlaus eftir tíu ára hjónaband og Ginu gengur ekkert að finna hinn fullkomna maka. *Aðalhlutverk: Jon Cryer, Lisa Darr, Lance Guest, Mark Mathiesen, Sara Morrell.*

22.50 Hnefaleikar-Hector Camacho. Útsending frá hnefaleikakeppni í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru veltvigtarmeistarinn Hector Cam-

netið

www.tilveran.is

Tilveran.is er einn af svokölluðum afþreyingarvefjum sem verða oft fyrir valinu hjá fólki þegar á af einhverjum ástæðum að drepa tímann um lengri eða skemmri stund, hvort sem er á skrifstofunni eða heima í tölvuherberginu. Tilveran er ekki hefðbundin vefsíða, heldur samansafn sí-uppfærðra tengla sem oft geta leitt mann á ansi furðulegar slóðir. Gott grín, léttklætt fólk af báðum kynjum, leiðbeiningar um hvernig á að framleiða eigið vélmenni og kökuuppskriftir, tilveran getur leitt mann á slóðir þessa alls og fleira.

afmæli



Helga Engilbertsdóttir, Hlíf 2, Ísafirði, verður níræð sunnudaginn 3. mars. Af því tilefni tekur hún á móti gestum laugardaginn 2. mars kl. 15 á sal Hlífar.

Sportíð í beinni

Ríkissjónvarpið

Föstudagur 1. mars kl. 10:50

EM í frjálsum íþróttum í Vínarborg

Föstudagur 1. mars kl. 01:50

Formúla 1: Tímataka í Melbourne í Ástralíu

Laugardagur 2. mars kl. 11:40

EM í frjálsum íþróttum í Vínarborg

Laugardagur 2. mars kl. 14:25

Þýski boltinn: Leikur óákveðinn

Laugardagur 2. mars kl. 16:20

EM í frjálsum íþróttum í Vínarborg

Laugardagur 2. mars kl. 02:59

Formúla 1: Keppni í Melbourne í Ástralíu

Sunnudagur 3. mars kl. 12:50

EM í frjálsum íþróttum í Vínarborg

Flækingshundurinn

Flækingshundurinn, eða Dog Of Flanders, er heillandi fjölskyldumynd frá árinu 1999 sem Stöð 2 sýnir kl. 20:00 á föstudagskvöld. Strákurinn Nello elst upp hjá afa sínum sem býr við þröngan kost. Þrátt fyrir það taka þeir til sín flækingshund sem verður góður félagi þeirra. Málarinn Michel kemur líka við sögu en hann sér fljótt að Nello býr yfir miklum hæfileikum. Strákurinn þráir að feta sig áfram á listabrautinni en aðstæðurnar eru honum mjög í óhag. Aðalhlutverk leika Jeremy James Kissner og Jack Warden.



Samkeppni um nafn á nýja verslunarmiðstöð

Byggingarfyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. efnir til samkeppni um nafn á hina nýju verslunarmiðstöð sem staðsett er í miðbæ Ísafjarðar.

Veitt verða 50.000.- króna verðlaun fyrir bestu tillöguna sem valin verður af þriggja manna dómnefnd. Öllum er heimil þátttaka í samkeppninni og skulu þátttakendur skila inn tillögum sínum undir dulnefni, en láta rétt nafn og heimilisfang fylgja með í vel merktu, lokuðu umslagi.

Skilafrestur er til og með 12. mars 2002 og skal tillögum skilað í afgangi H-prents ehf. Sólögðu 9, Ísafirði, merktar: „Samkeppni um nafn á verslunarmiðstöð í miðbæ Ísafjarðar.“ Úrslit verða kunngerð þriðjudaginn 26. mars. Dómnefnd áskilur sér allan rétt á verðlaunatillögunni.

acho Jr. og Jesse James Leijja.
01.00 Andlit hennar. Erótísk kvikmynd.
02.20 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 3. mars

13.45 Ítalski boltinn. Bein útsending.
15.55 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Derby County og Manchester United.

17.55 NBA. Bein útsending frá leik Toronto Raptors og Philadelphia 76ers.
20.00 Golfmót í Bandaríkjunum
21.00 Meistarakeppni Evrópu. Farið er yfir leiki síðustu umferðar og spáð í spilin fyrir þá næstu.

22.00 Skuldaskil. (Further Gesture) Sean Dowd er liðsmaður í Írsku lýðveldis-hernum, IRA. Hann er handsamaður fyrir hryðjuverk og fluttur í fangelsi í Belfast. Honum tekst að sleppa og flýr til New York þar sem hann lætur fara lífið fyrir sér. Hann fær brátt vinnu á veitingahúsi og áður en langt um liður er hann aftur kominn í vafasaman félagsskap. Maltin gefur tvær og hálfa stjörnu. Aðalhlutverk: Stephen Rea, Alfred Molina, Rosana Pastor, Brendan Gleeson.

23.40 Smákrímminn. (Waiting For the Man) Ærslafull mynd um smákrímmann Ben sem fær loks tækifæri til að komast í verulegar álmir. Yfirmaður hans sendir hann á yfirgefnum búgarð með fulla tösku af eiturlyfjum og fyrirhæli um að biða eftir væntanlegum kaupanda. Þetta vefst þó eitthvað fyrir Ben og einföld skipti verða skýndilega afar flökín. Aðalhlutverk: Jeff Fahey, Rae Dawn Chong.
01.10 Dagskrárlok og skjáleikur



SKJÁREINN

Föstudagur 1. mars

16.30 Muzik.is
17.30 Two Guys and a girl (e)
18.00 Everybody Loves Raymond
18.30 King of Queens (e)
19:00 Titus (e)
19:30 Yes Dear
20:00 Dateline
21:00 Undercover

22.00 Djúpa laugin. Þórey Eva og Júlíus Hafstein koma Íslendingum á stefnumót. Þátturinn er í beinni útsendingu.
23.00 Malcolm in the middle (e)
23.30 CSI (e)
00.20 Temptation Island (e)
01.10 Jay Leno (e)
02.00 Muzik.is
03.00 Östöðvandi tónlist

Laugardagur 2. mars

12.30 48 Hours (e)
13.30 Law & Order (e)
14.30 Jay Leno (e)
15.30 Djúpa laugin (e)
16.30 Jay Leno (e)
17.30 Dateline (e)
18.30 Undercover (e)
19.30 Two Guys and a girl (e)
20:00 Powerplay

21.00 Íslendingar. Tröllabóndinn Fjalar Sigurðarson stýrir spurninga- og spjallþætti um siði og ósiði Íslendinga.
22:00 Total Recall. Leynilögrelumaðurinn David Hume rannsakar glæpi framtidarinnar.

22.50 The Perfect Wife (e). Systkinin Leah og Rubin eru óaðskiljanleg og þegar Rubin hverfur skýndilega úr lífi Leuh þarf hún að finna lífi sínu nýjan farveg.
00.20 Tvöfaldur Jay Leno (e)
01.50 Muzik.is
03.00 Östöðvandi tónlist

Sunnudagur 3. mars

12.30 Silfur Egils
14.00 Mótor (e)
14.30 Boston Public (e)
15.30 The Practice (e)
16.30 Innlit-Útlit (e)
17.30 Judging Amy (e)
18.30 Fólk – með Sirrý (e)
19.30 King of Queens (e)
20.00 Daydream Believers – The Monkeys Story. Sjónvarpsmynd um sögu hinnar geysivinsælu hljómsveitar The Monkeys sem voru upp á sitt besta á 7. áratuginum. Hver man ekki eftir lögum eins og Last Train to Clarksville og I'm a Believer.
21.45 Silfur Egils
23.30 Íslendingar (e)
00:30 Powerplay (e)
01.20 Muzik.is
02.00 Östöðvandi tónlist

Vestfirðir

Minningarkort Sigurvefningar

Minningarkort til styrktar Krabbameinsféluginu Sigurvefningu á norðanverðum Vestfjörðum eru til sölu á eftirtöldum stöðum:

Ísafjörður: Heilbrigðisstofnunin, Birkir ehf., Íslandspóstur og Blómaturinn.

Bolungarvík: Blómahornið.

Súðavík: Víkurbúðin.

Félagið vill minna á heimasíðu sína www.krabb.is/sigurvefning, en þar er að finna allar upplýsingar.

Hvað er að ske? Á helginni
28. feb - 4. mars.

Sólarkaffishljómsveitirnar


Hljómsveitin Jana Kolbrún og Heiðursmenn

og hljómsveitin
Pönnukökur með rjóma

Sem gerðu alveg glimrandi lúkkur á Sólarkaffi Ísafirðinga í Reykjavík nú nýlega eru að koma heim um helgina.

Hljómsveitirnar skipar: Rúnar Þór, Rúnar Villa Valia, Örn Jóns, Kolla Sveinbjörns, Þófi Ófsla og Gunnar Bernburg

Tökum vel á móti þeim í Krúsinni á laugardagkvöld



Ógeðslega fyndin!

Filaðir þú Scary Movie?...
Hverjum er ekki skiltsama?
Fyndnasta mynd ársins og rómlega það.....

Sunnudag kl 9

Mánudag kl 9


(Bannað innan 14)

DANS OG SÖGVAMYNDIN
REGINA

Myndin sem allir eru að tala um

*** ** DV
MBL Rás 2

Sunnudag kl 3 og 5



gemsar
*** DV

„Kjaffter, fyndin og skemmtileg“

Fimmtudag kl 9

Miðaverð 800 kr.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

kirkja

Holtsprestakall:

Kirkjuskóli barnanna í Önundarfirði er í Flateyarkirkju laugardaginn 2. mars kl. 13:00. Fjölskylduguðspjónusta ætluð öllum sóknum er í Holtskirkju sunnudaginn 3. mars kl. 14:00.

Pingeyrarkirkja:

Kirkjuskóli barnanna er á föstudögum kl. 17. Fjölskylduguðspjónusta á æskuljósdaginn 3. mars, kl. 16:00. Starfið er ætlað öllum sóknum.

Ísafjarðarkirkja:

Kirkjuskóli á laugardag kl. 11:00. Guðspjónusta á sunnudag kl. 11:00. Litli barnakórinn syndur. Bókagjöf til 5 ára barna.

Hnífsdalskapella:

Kirkjuskóli á sunnudag kl. 13:00. Bókagjöf til 5 ára barna.

netið

Hver eru upphalds bókamerkin þín á Netinu? Greipur Gíslason nemandi við Menntaskólann á Ísafirði svarar:

„Ég fer inn á bb.is oft á dag enda er það upphaldsmerkið í tölvunni minni. Svo



heimsæki ég mbl.is daglega og reyni að kíkja á gamlaapotekid.is reglulega. Þá fer ég inn á sellan.is til að lesa skemmtilegar greinar um stjórnmál og annað efni eftir ungt fólk. Síðustu vikur hef ég skoðað roskva.hi.is til að fylgjast með stúdentapólitíkinni. Upphaldsmerkið mín þessa dagana er svo search.eb.com sem er britannica online, þ.e. breska alfræðiorðabókin. Síðast en ekki síst má nefna síðu nemendafélags MÍ it.is/nmi þar sem m.a. er hægt að að fylgjast með dagskrá Sólrisuhátíðarinnar..“

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Stöð 2

Laugardagur 2. mars kl. 14:45
Enski boltinn: Leikur óákveðinn

Sjónvarpsstöðin Sýn

Miðvikudagur 27. febrúar kl. 19:30
Meistarakeppni Evrópu: Deportivo La Coruna – Juventus
Miðvikudagur 27. febrúar kl. 21:40
Meistarakeppni Evrópu: Arsenal – Bayer Leverkusen
Fimmtudagur 28. febrúar kl. 19:50
Evrópukeppni félagsliða: Leeds United – PSV Eindhoven
Föstudagur 1. mars kl. 19:35
Enski boltinn: Stoke City – Brighton
Laugardagur 2. mars kl. 17:15
Enski boltinn: Newcastle United – Arsenal
Sunnudagur 3. mars kl. 13:45
Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn
Sunnudagur 3. mars kl. 15:55
Enski boltinn: Derby County – Manchester United
Sunnudagur 3. mars kl. 17:55
NBA: Toronto Raptors – Philadelphia 76ers
Þriðjudagur 5. mars kl. 19:50
Enski boltinn: Blackburn Rovers – Aston Villa




Þar sem þú ert
- þar erum við

PÓSTURINN
www.postur.is



HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?



Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi. Þess vegna áttu rétt á að fá örugga lífeyðing og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingarnú þín eru alnær vegar. Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.



TRYGGINGA-MIDSTODIN HF
- Sjávar mál á myndit -

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður
Sími 450 5200 • www.tmh.is

Morgunverður á Pollinum

Undanfarna daga hefur fálki haldið sig í Skutulfirði og ekki annað að sjá en hann uni hag sínum þar ágætlega. Fuglinn virðist hafa nóg að éta og þegar ljósmyndari blaðsins átti leið um Skutulsfjarðarbraut á mánudagsmorgun sat hann hinn rólegasti að morgunverði á ísnum

inni í firði. Ekki er vitað nákvæmlega hvað var á boðstólum en ekki er ólíklegt að það hafi verið æðarfugl eða stokk-önd sem halda sig talsvert á Pollinum og geta verið svifaseinar að forða sér í ísnum ef hættu ber að höndum, eða kannski frekar vængjum.

Fyrir ofan fálkann sveimaði

hópur vongóðra hrafna og beið þess að komast í leyfarnar af kræsingunum. Heldur hefur Krummi verið kuldalegur upp á síðkastið og nokkuð harðnað á dalnum hjá honum í frosthörkunum. Hann eygir því vonarglætu þegar svona merkan gesti ber að garði og sýnir honum fyllstu virðingu enda

er hann klókur og veit af gamalli reynslu að ýmislegt gott má hafa af svona gestakomu.

Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að varpstofn fálka á Íslandi er áætlaður 300-400 pör. Vægar sveiflur eru í fálkastofninum enda er hann mjög háður stærð rjúpnastofnsins sem breytist

margfalt á hverju tíu ára tíma-bili. Fálkar verpa um mestallt land en eru algengastir á norðanverðu landinu. Ungfuglarnir flakka um landið og setjast að til varps tveggja til fjögurra ára gamlir. Aðalfæða fálkans árið um kring er rjúpan en einnig gæðir hann sér á öndum, svartfuglum og vaðfuglum.

Rafeindafyrirtækið Póls hf. á Ísafirði sýknað fyrir norskum dómstólum

Fyrrum umboðsaðili krafðist 52,3 milljóna vegna meints samningsbrots

Póls hf. á Ísafirði var fyrir stuttu sýknað fyrir dómi í Álasundi í Noregi, í máli sem fyrirtækið Vega Vekt A/S höfðaði gegn Póls hf. vegna „ólöglegar uppsagnar umboðs-samnings“ sem fyrirtækin

höfðu gert með sér sem og vegna tekjutaps sem af uppsögninni hlaut. Upphafleg krafa Vega Vekt A/S hljóðaði upp á 2 milljónir norskra króna eða rúmar 22,7 milljónir íslenskra króna en var síðan

hækkuð í 4,6 milljónir Nkr. eða rúmar 52,3 milljónir íslenskra króna. Niðurstaða norska dómstólsins var á þá leið að Póls hf. hefði í engu brotið á Vega Vekt A/S, framferði fyrirtækisins hefði þvert

á móti orðið til þess að valda Póls umtalsverðum skaða. Var því Póls sýknað af kröfum Vega Vekt A/S og því gert að greiða allan málskostnað, alls 305.623 Nkr. eða tæpar 3,6 milljónir íslenskra króna.

Ellert Berg Guðjónsson, markaðsstjóri Póls hf. sagðist í samtali við blaðið vera ánægður með niðurstöðu dómsins en segir málið hafa verið allt hið leiðinlegasta.

„Við höfum í mörg ár verið með umboðsmenn víða um lönd sem séð hafa um sölu og markaðssetningu á vörum okkar. Upp á síðkastið hafa verið miklar breytingar á samkeppnisumhverfi okkar og áherslum í sölu og því ákváðum við að segja upp öllum umboðs- og sölusamningum sem við höfðum gert. Voru þær aðgerðir liður í endurskipulagningu á markaðssetningu og sölustarfi Póls.“

Ellert Berg segir að Vega Vekt A/S hafi haft einkaleyfi á sölu og dreifingu á fram-

leiðsluvörum Póls hf. í Noregi og Svíþjóð og þeir hafi ekki verið sáttir við að missa það.

„Því þurftum við að standa í árangurslausum samningaviðræðum um hálfis árs skeið og á fyrstu þremur mánuðum þess tíma, tapaði Póls sölum að andvirði tugmilljóna króna vegna óraunhæfrar verðlagningar Vega Vekt A/S. Að lokum misstum við þolinmæðina og hófum samstarf við fyrirtækið Póls Norge, sem stofnað var til að sjá um sölu og þróun framleiðslu Póls í Noregi. Vega Vekt A/S sættu sig ekki við að vera ekki lengur einir að sölunni og töldu sig hafa árs uppsagnarfrest á öllum samningum en ekki þriggja mánaða eins og við máttum það. Því var úr að þeir stefndu okkur með slæmum árangir,“ sagði Ellert Berg Guðjónsson.

Hann segir starfsemi Póls í Noregi ganga með ágætum og reiknar með 30% söluaukningu á framleiðsluvörum fyrirtækisins á árinu.

Húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar

Heildarkostnaður kominn í 83,6 milljónir króna

Kostnaður við byggingu tónlistarsalar og endurgerð gamla húsmæðraskólans fyrir Tónlistarskóla Ísafjarðar nemur nú 75 milljónum króna. Að auki hefur verið fjárfest í húsbúnaði fyrir 8,6 milljónir króna þannig að heildarkostnaður er kominn í 83,6 milljónir króna. Skuldir félagsins vegna þessara framkvæmda nema 25 milljónum króna.

Þetta kom fram hjá fulltrúum Tónlistarfélag Ísafjarðar er þeir funduðu með bæjarráði Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu.

Ísafjarðarbær hefur lagt 35 milljónir króna í framkvæmdirnar ásamt samkomulagi um sjö milljónir króna í leigu á kjallara hússins undir smíðakennslu Grunnskólans á Ísafirði. Tónlistarfélagið hefur farið þess á leit við bæjarráð að Ísafjarðarbær greiði fyrir-

fram leigu vegna kjallarans fyrir þau þrjú ár sem eftir eru af leigutímanum. Um er að ræða 4,2 milljónir króna og segja fulltrúar félagsins slíka fyrirframgreiðslu gefa félaginu svigrúm fram á næsta ár til að vinna að frekari fjármögnun. Hefur bæjarráð lagt til við bæjarstjórn að beiðni Tónlistarfélag Ísafjarðar verði samþykkt.

Munið
þriðjudags- og
fimmtudags-
tilboðin

Tvær nýjar
á 450 kr.



Ráðstræti 37 sími 456 4853

Sumarferðirnar
seljast betur
en aðrar

Munið
sérferðabækling
Heimsferða

Opið mán-fim 10-17:30
Opið fös 10-16:00
Opið í hádeginu

Vesturferðir 
Aðalstræti 7 • Sími 456 5111
www.vesturferdir.is
vesturferdir@vesturferdir.is

bb.is

- öflugur frétt- og
upplýsingamiðill!